

1995. – 1065 ár frá stofnun Alþingis.
120. löggjafarþing. – 16. mál.

16. Tillaga til þingsályktunar

um móttun opinberrar fjölskyldustefnu og aðgerðir til að styrkja stöðu fjölskyldunnar.

Flm.: Rannveig Guðmundsdóttir, Bryndís Hlöðversdóttir, Kristín Ástgeirsdóttir, Jóhanna Sigurðardóttir, Össur Skarphéðinsson, Svavar Gestsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að marka opinbera fjölskyldustefnu í samræmi við tillögur landsnefndar um „Ár fjölskyldunnar“ á grundvelli þeirra meginforsendna og viðfangsefna sem nánar er lýst í þingsályktun þessari. Jafnframt ályktar Alþingi að fela ríkisstjórninni að vinna að því að styrkja stöðu íslenskra fjölskyldna með þeim aðgerðum sem kveðið er á um í ályktuninni.

I. KAFLI

Meginforsendur fjölskyldustefnu.

- 1.1 Fjölskyldan er grunneining íslensks samfélags, hún er uppspretta lífsgilda og mikilvægur vettvangur til að varðveita og miðla menningarverðmætum. Þess vegna ber stjórnvöldum ævinlega að veita henni sérstaka athygli, styrkja hana og vernda, óháð því hver gerð hennar er. Í því skyni ber ríkisstjórn og sveitarstjórnnum á hverjum tíma að marka sér opinbera stefnu í málefnum fjölskyldunnar.
- 1.2 Opinber fjölskyldustefna hefur það markmið að styrkja og styðja fjölskylduna til að sinna hlutverki sínu í nútímaþjóðfélagi. Hlutverk fjölskyldunnar er margþætt og snertir flest svið þjóðlífsins. Því spannar fjölskyldustefna nánast öll viðfangsefni opinberrar stjórnsýslu. Áherslur á hverjum tíma skulu því taka mið af breytilegum þörfum fjölskyldunnar ásamt grundvallarverkefnum hennar.
- 1.3 Fjölskyldustefna skal einkum taka mið af eftirfarandi meginforsendum:
 - að stuðlað sé að því að fjölskyldan geti rækt það hlutverk að vera vettvangur tilfinningatengsla,
 - að fjölskyldum sé gert kleift að annast uppeldi og umönnun barna þannig að þau fái notið öryggis og tækifæra til að þroska eiginleika sína til hins ýtrasta,
 - að borin sé virðing fyrir rétti einstaklinga innan fjölskyldna, ekki síst barna, og gagnkvæmum skyldum þeirra,
 - að velferð fjölskyldunnar byggist á jafnrétti kvenna og karla og sameiginlegri ábyrgð á verkaskiptingu innan hennar.

II. KAFLI

Helstu viðfangsefni fjölskyldustefnu.

Meginviðfangsefni fjölskyldustefnu skulu vera:

- 2.1 Að sköpuð séu skilyrði til þess að ná jafnvægi milli atvinnu foreldra og fjölskyldulífs, einkum með tilliti til ábyrgðar og umönnunar barna.
- 2.2 Að stofnanir samfélagsins, ekki síst skólar, taki mið af þörfum fjölskyldunnar, forðist að svipta hana ábyrgð en leitist þess í stað við að eiga við hana samvinnu.
- 2.3 Að lögð sé aukin áhersla á ábyrgð feðra í umönnun og uppeldi barna sinna.

- 2.4 Að afkomuöryggi fjölskyldunnar sem efnahagslegrar einingar sé tryggt ásamt rétti hennar til öryggis í húsnæðismálum.
- 2.5 Að mikilvægi heilbrigðis fjölskyldunnar sé viðurkennt þannig að þjónusta á því sviði taki mið af þörfum hennar sem heildar jafnframt því að hún njóti stuðnings til að annast sjúka.
- 2.6 Að stuðlað sé að fjölskylduáætlunum, m.a. með fræðslu og ráðgjöf um stofnun heimilis, ábyrgð foreldra, kynlíf, barneignir og getnaðarvarnir.
- 2.7 Að tekið sé mið af fjölskyldunni við skipulag umhverfis og þörfum hennar fyrir þjónustu, útivist og umferðaröryggi.
- 2.8 Að fjölskyldur fatlaðra njóti nauðsynlegs stuðnings og að grundvallarréttur fatlaðra til fjölskyldustofnunar, heimilis og virkrar þátttöku í samfélaginu sé virtur.
- 2.9 Að fjölskyldur njóti stuðnings til að annast aldraða og að öldruðum sé gert kleift að taka þátt í samfélaginu svo lengi sem auðið er.
- 2.10 Að fjölskyldur nýbúa fái nauðsynlegan stuðning til að festa rætur í íslensku samfélagi.
- 2.11 Að unnið sé gegn misrétti í garð fjölskyldna samkynhneigðra.
- 2.12 Að unnið sé gegn upplausn fjölskyldna, m.a. með fjölskylduráðgjöf vegna samskiptaerfiðleika og álags.
- 2.13 Að vernd einstakra fjölskyldumeðlima gagnvart ofbeldi og misnotkun verði eflað, innan fjölskyldu sem utan.
- 2.14 Að fjölskyldan njóti verndar og stuðnings gagnvart ofneyslu áfengis og annarra vímuefna, einkum á sviði forvarna.
- 2.15 Að efla skilning á eðli fjölskyldunnar, hlutverki, myndun og upplausn.
- 2.16 Að auka vitund um mikilvægi fjölskyldunnar með gagnaöflun, rannsóknum og miðlun upplýsinga ásamt því að efla virðingu fyrir ólíkum gerðum hennar.

III. KAFLI

Aðgerðir í þágu fjölskyldunnar.

3.1 Fjölskylduráð.

Undirbúin verði löggjöf sem kveði á um stofnun opinbers fjölskylduráðs sem hafi það hlutverk að stuðla að eflingu og vernd fjölskyldunnar. Fjölskylduráðið verði skipað 3–5 mönnum sem kosnir eru hlutfallskosningu af Alþingi, a.m.k. að hluta til. Félagsmálaráðherra skipar formann ráðsins og skal starfsemi þess heyra undir félagsmálaráðuneyti.

Hlutverk fjölskylduráðs skal m.a. vera eftirfarandi:

- a. Að veita stjórnvöldum ráðgjöf í fjölskyldumálum, t.d. vegna áforma um stjórnvaldsaðgerðir, jafnframt því að koma á framfæri ábendingum um úrbætur í fjölskyldumálum.
- b. Að annast tillögugerð um framkvæmdaáætlanir í málefnum fjölskyldunnar með hliðsjón af heildarsýn yfir viðfangsefni einstakra ráðuneyta og verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.
- c. Að eiga frumkvæði að opinberri umræðu um málefni fjölskyldunnar.
- d. Að hvetja óopinbera aðila til aðgerða á sviði fjölskyldumála.
- e. Að stuðla að rannsóknum á högum og aðstæðum íslenskra fjölskyldna.

3.2 Sjóður um fjölskylduvernd.

Stofnaður verði sjóður sem hafi það markmið að styrkja og stuðla að þróun fjölskyldumálefna. Tekjur hans skulu ákvarðaðar með árlegu framlagi úr ríkissjóði. Fjölskylduráð skal fara með stjórn sjóðs um fjölskylduvernd. Hlutverk hans verði eftirfarandi:

- a. Að veita fé til styrktar tilraunaverkefnum sem hafa það að markmiði að bæta þjónustu við fjölskylduna eða skilyrði hennar til að rækja hlutverk sitt.
- b. Að veita fé til rannsókna á högum og aðstæðum íslenskra fjölskyldna.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi er efnislega samhljóða tillögu sem félagsmálaráðherra, Rannveig Guðmundsdóttir, flutti vorið 1995 í nafni ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokks. Hún var unnin á vegum landsnefndar um Árs fjölskyldunnar 1994 og var ætlað að marka lok þess. Nefndin var skipuð síðla árs 1991 í samræmi við samþykkt þáverandi ríkisstjórnar þar að lútandi. Nefndinni var m.a. ætlað að leggja fram tillögur að aðgerðum stjórnvalda í málefnum fjölskyldunnar á komandi árum og var þess vænst að þær fælu í sér grundvöll að mótun opinberrar fjölskyldustefnu með heildstæðum hætti. Landsnefndin var skipuð fulltrúum 30 félagasamtaka og stofnana, og var markmiðið með stofnun svo fjölmennrar nefndar að skapa víótæka samstöðu um aðgerðir í tilefni ársins. Skýrsla um skipan og störf landsnefndarinnar er birt sem fylgiskjal með þingsályktunartillögunni.

Markmiðið með framlagningu þingsályktunartillögu þessarar er að stuðla að því að stjórnvöld á báðum stjórnsýslustigum marki opinbera fjölskyldustefnu sem taki á heildstæðan hátt til þeirra atriða sem hafa öðrum fremur þýðingu fyrir hagi og aðstæður íslenskra fjölskyldna. Þannig felst í þingsályktuninni hvatning til ríkisstjórna og sveitarstjórna að leggja fram stefnu eða skýr áform um með hvaða hætti megi búa í haginn fyrir fjölskylduna. Í fyrsta kafla ályktunarinnar er bent á nokkrar grundvallarforsendur sem slík stefnumótun þarf að taka mið af og líklegt þykir að almenn sátt ríki um. Í öðrum kafla eru sett fram nokkur mikilvæg viðfangsefni sem opinber fjölskyldustefna ætti einkum að taka til. Sú skrá er alls ekki tæmandi heldur er hugsunin sem býr að baki sú að draga fram þau atriði sem brýnt er að gaumur sé gefinn við ríkjandi þjóðfélagsaðstæður. Í þriðja kafla ályktunarinnar er aftur á móti mælt með að ríkisstjórnin hrindi í framkvæmd tilteknum aðgerðum í því skyni að styrkja stöðu fjölskyldunnar í íslensku samfélagi. Fjallað er nánar um einstaka kafla ályktunarinnar í seinni hluta þessara athugasemda en fyrst farið almennum orðum um mikilvægi fjölskyldustefnu. Rétt er að taka fram að þessar almennu athugasemdir eru að mestu byggðar á erindi Braga Guðbrandssonar, formanns landsnefndarinnar, sem birt er í ritinu „Fjölskyldan, uppspretta lífsgilda“, en það hefur að geyma erindin sem flutt voru á málþingi sem markaði upphaf Árs fjölskyldunnar í byrjun árs 1994.

Á hátíðarstundu er því gjarnan haldið fram að fjölskyldan sé hornsteinn samfélagsins, kjölfestan í lífi mannsins og undirstaðan að farsæld og framtíð hverrar þjóðar. Því virðist liggja í augum uppi að stjórnvöld móti opinbera stefnu í málefnum fjölskyldunnar. Engu að síður er það staðreynd að það hefur ekki verið gert. Enginn einn stjórnvaldshafi, ráðherra eða ráðuneyti ber ábyrgð á málum fjölskyldunnar öðrum fremur. Hagsmunir fjölskyldunnar virðast hvorki vera viðurkenndur sjónarhóll við lagasetningu né við ákvarðanir og afgreiðslur opinberrar stjórnsýslu. Þetta er einkum merkilegt í ljósi þess að opinberir aðilar hafa leitast við að marka stefnu í ýmsum málaflokkum öðrum og ekkert síður þeim sem vissulega hafa áhrif á aðstæður og afkomu fjölskyldunnar, t.d. í heilbrigðis- og menntamálum.

Stjórnmálalegar ákvarðanir lúta að sjálfsögðu lögmálum síns tíma, nýjar þarfir og ný viðhorf koma sífellt fram í samræmi við breytingar á samfélagsgerð og lífnaðarháttum frá einum tíma til annars. Augljóst er að hið opinbera velferðarkerfi er hvorki niðurstaða

meðvitaðrar né skipulegrar tilraunar stjórnvalda til að mæta þeim þörfum sem ríkja á líðandi stundu. Það hefur orðið til í tímans rás og grundvöllur þess raunar lagður við allt aðrar þjóðfélagsaðstæður en nú ríkja. Það blasir líka við að enda þótt velferðarkerfinu sé ætlað að bæta afkomu og treysta lífsgæði fjölskyldunnar eða einstakra meðlima hennar verður því tæplega haldið fram að fjölskyldan sé eða hafi verið í brennidepli þess. Raunar er tiltölulega auðvelt að sýna fram á að sjónarmið heildarsýnar eru framandi í umræðum um velferðarkerfið þar sem aldrei hefur verið gerð tilraun til að meta það í heild eða leggja dóm á hvernig einstakir þættir þess spila saman. Þaðan af síður hefur verið gerð tilraun til að greina áhrif þess á fjölskylduna með tilliti til þeirra verkefna sem henni er ætlað að sinna í nútímaþjóðfélagi.

Opinber umræða um velferðarkerfið hin síðari ár hefur fyrst og fremst snúist um kostnað þess. Þetta á ekki einungis við um Ísland heldur hefur það verið meginviðfangsefni stjórnvalda í hinum vestræna heimi að finna leiðir til að bregðast við alþjóðlegri efnahagslægd. Við þessar aðstæður hefur reynst örðugt að halda uppi óskertri velferðarþjónustu án þess að það komi fram í vaxandi fjárlagahalla og skuldasöfnun ríkisins. Viðbrögð stjórnvalda í flestum vestrænum iðnríkjum hafa því verið fólgin í niðurskurði á velferðarútgjöldum. Þannig hafa opinber útgjöld til velferðarmála sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu skroppið umtalsvert saman sl. áratug hjá þeim flestum, t.d. í Þýskalandi, Hollandi og Bretlandi, þótt dæmi séu um að tekist hafi að halda í horfinu, t.d. í Bandaríkjunum og Danmörku.

Við Íslendingar höfum ekki farið varhluta af niðurskurði opinberra útgjalda frekar en aðrar þjóðir. Sparnaður í velferðarútgjöldum, einkum á sviði heilbrigðismála og almannatrygginga, hefur orðið tilefni snarpra deilna. Hvað sem líður réttmæti einstakra stjórnvaldsaðgerða hefur kreppan, sem velferðarkerfið og umræður um það eru komin í, komið áþreifanlega í ljós. Eitt aðaleinkenni þeirrar kreppu felst í því að velferðarkerfið og þar með þau málefni sem lúta að fjölskyldunni sérstaklega eru nánast eingöngu í brennidepli stjórnmálanna í tengslum við afgreiðslu fjárlaga. Væntanlega er það vegna þess að velferðin kostar mikið, of mikið séð frá bæjardyrum margra. Þetta veldur því að opinber umræða festist gjarnan í því fari að deilt er um í hverju það er fólgið að verja velferðarkerfið á tímum samdráttar. Er það fólgið í því að skera af því meint fitulag til að geta tryggt efnahagslega undirstöðu þess til framtíðar eða einfaldlega að standa vörð um það sem áunnist hefur?

Þegar best lætur hefur verið rætt um endurmat á vissum grundvallarþáttum velferðarkerfis okkar, að slíkt endurmat sé nauðsynlegt frá fjárhagslegu sjónarmiði og ekki síður vegna þess að þjóðfélagsaðstæður hafa breyst frá því að grundvöllur þess var lagður. Komi til slíks endurmats er skynsamlegt að það fari fram undir formerkjum fjölskyldustefnu. Vandlega undirbúin stefna í fjölskyldumálum getur veitt dýrmæta leiðsögn um hvernig glíma eigi við ný viðfangsefni og vandamál sem þarf að finna lausn á í framtíðinni.

Áður en hugtakið fjölskyldustefna er skilgreint er gagnlegt að fara nokkrum orðum um hugtakið „stefna“. Segja má að í stefnu felist val sem felur í sér að tekið sé mið af eftirsóknarverðum gildum eða markmiðum. Gagnstætt dægurflugum hafa þessi gildi varanleika og eru því hafin yfir stund og stað. Dæmi um slík gildi í þjóðfélagsstefnu eru „frelsi einstaklingsins“, „jafnrétti“, „réttlæti“ o.s.frv. Stefna felst því í kerfisbundnu vali sem er til þess fallið að hafa æskileg áhrif eða skapa eftirsóknarvert ástand. Um þetta kerfisbundna val verður að ríkja sátt sem felur í sér að valið sé niðurstaða ferlis þar sem fleiri en einn kemur að málum og jafnframt að það ferli lúti lýðræðislegum lögmálum.

Að öðru jöfnu felst í stefnu einhvers konar forgangsröðun viðfangsefna þar sem sjaldnast er raunhæft að ætla að öll markmið náist í einu. Loks er mikilvægt að þau markmið, sem að er stefnt, njóti skilnings og viðurkenningar samfélagsins í meginatriðum ef takast á að hrinda stefnu í framkvæmd án verulegrar andstöðu.

Hugtakið félagsmálafestna er algengara í stjórn málaumræðu en fjölskyldustefna. Félagsmálafestna felst í markmiðum og gildum ásamt aðgerðum er varða tengsl einstaklinga og hópa í þjóðfélaginu. Þannig getur félagsmálafestna ýmist snúist um lausn tiltekinn vandamála og viðfangsefna sem tengjast ákveðnum þjóðfélagshópum, t.d. börnum, öldruðum, fátækum eða sjúkum. Yfirleitt fjallar félagsmálafestna um þarfir sem markaðurinn kemur ekki til móts við eða getur ekki fullnægt fyrir ákveðna þjóðfélagshópa. Þess vegna snýst hún ekki síst um tilfærslu verðmæta: annars vegar lóðrétt á milli einstakra tekjuhópa í þjóðfélaginu og hins vegar lárétt er varðar ráðstöfun þessara sömu verðmæta til hópa sem deila sambærilegum kjörum, t.d. þroskaheftra eða geðfatlaðra einstaklinga.

Sé viðfangsefni félagsmálafestnu vandamál/þarfir einstaklinga og hópa í þjóðfélaginu liggur beinast við að skilgreina fjölskyldustefnu þannig að hún fjalli sérstaklega um þessi atriði. Í fljótu bragði séð virðist þetta leiða til þeirrar niðurstöðu að telja fjölskyldustefnu eins konar undirflokk félagsmálafestnu. Við nánari athugun kemur í ljós að það sjónarmið stenst ekki. Ástæðan er sú að fjölskyldan hefur algjöra sérstöðu sem félagsþingur. Hún er grunneining þjóðfélagsins í þeim skilningi að hver einasti einstaklingur er, eða hefur verið, hluti af fjölskyldu enda þótt fjölskyldugerð og tengsl kunni að vera breytileg. Þess vegna gengur fjölskyldan þvert á önnur félagsstengsl. Af þessu leiðir að félagslegt, efnahagslegt, stjórnmálalegt og menningarlegt umhverfi orkar stöðugt á fjölskylduna. Telja verður því að opinber fjölskyldustefna taki til alls þess sem stjórnvöld gera fyrir eða við fjölskyldur, allra þeirra ákvarðana sem áhrif hafa á aðstæður hennar, afkomu og velferð. Ákvarðanir eða aðgerðir sem orka á innviði fjölskyldunnar eða innra umhverfi hennar, t.d. samskipti fjölskyldumeðlima og uppeldisstarf, skipta þar að sjálfsgöðu ekki síður máli en ytra umhverfi. Þegar áhrif stjórnvaldsaðgerða eru metin gæti því verið gagnlegt að líta á hvort tveggja, fjölskylduna sem einingu í félagslegu umhverfi og ekki síður fjölskylduna sem félagslegt umhverfi einstaklingsins.

Opinberar aðgerðir má meta eftir því hvort afleiðingar þeirra fyrir fjölskylduna eru tilætlaðar og fyrir séðar eða ófyrir séðar og jafnvel óvæntar. Opinber fjölskyldustefna getur ýmist verið yfirlýst stefna eða ekki. Segja má að hún sé yfirlýst þegar hún augljóslega beinist að því að styrkja fjölskylduna við verkefni sín eða vernda einstaka meðlimi hennar, t.d. fjölskylduráðgjöf, fjölskylduáætlanir eða barnavernd. Hins vegar getur fjölskyldustefna verið dulin, þ.e. haft veruleg áhrif á aðstæður fjölskyldna enda þótt slíkt sé ekki yfirlýstur tilgangur, t.d. hækkun meðlagsgreiðslna og brottflutningur fatlaðra og geðsjúkra af sólarhringsstofnunum. Flestar aðgerðir stjórnvalda eru af þessari tegundinni, þ.e. áhrif þeirra á fjölskylduna eru óbein.

Aldrei hefur verið gerð úttekt á aðgerðum hins opinbera héraðs, ríkis og sveitarfélaga, með tilliti til yfirlýstra markmiða er varða fjölskylduna og þaðan af síður hafa dulin áhrif stjórnvaldsaðgerða verið rannsökuð. Eins og fram hefur komið hafa opinberir aðilar ekki mótað fjölskyldustefnu og því er fátítt að hjá þeim gæti yfirlýstra fjölskyldumarkmiða þótt ekki sé það óþekkt. Hins vegar hefur hið opinbera ætíð dulda eða óopinbera stefnu í fjölskyldumálum.

Það er niðurstaða landsnefndar um Ár fjölskyldunnar að þegar litið er yfir hið opinbera velferðarkerfi frá sjónarhóli fjölskyldunnar sé augljóst að hún skipar þar ákveðinn sess og tekið er tillit til hennar með margvíslegum hætti. Hitt er jafnljóst að engin heild-

arstefna í fjölskyldumálum er fyrir hendi þar sem einstakir þættir velferðarkerfisins eru skipulagðir miðað við önnur yfirlýst markmið en velferð fjölskyldunnar. Hinir einstöku þættir velferðarkerfisins beinast að tilteknum viðfangsefnum eða afmörkuðum hópum, svo sem nemendum, fötludum eða sjúkum. Fjölskyldan verður því oft eins konar afgangstærð og réttur hennar í reynd afleiddur af þeim markhópi sem um ræðir hverju sinni. Hinar bannhelgu línur, sem dregnar eru á milli einstakra þátta velferðarkerfisins, á milli landamæra ráðuneyta, á milli ríkis og sveitarfélaga, byrgja heildarsýn. Það kemur niður á sveigjanleika þess og getu til að mæta nýjum og breytilegum þörfum fjölskyldna. Auk þess geta aðgerðir stjórnvalda á einu sviði því auðveldlega valdið ófyrirséðum og óheppi- legum breytingum á öðrum sviðum. Þegar velferð fjölskyldunnar er ekki yfirlýst markmið hins opinbera verður opinber umræða um fjölskylduna rýr þar sem farvegur fyrir þá um- fjöllun er ekki fyrir hendi. Þannig er sjaldan spurt áleitinna spurninga um verkefni fjöl- skyldunnar. Enn síður er leitað svara við þeim með þeim hætti að hið opinbera geti mót- að aðgerðir sínar í samræmi við þau svör. Úr þessu er þingsályktunartillögunni ætlað að bæta.

Athugasemdir við einstaka kafla þingsályktunartillögu þessarar.

Um I. kafla.

Kaflinn hefur að geyma áherslu á mikilvægi fjölskyldunnar sem grunneiningar samfé- lagsins. Vakin er athygli á því að þess vegna verðskuldar hún að stjórnvöld hlúi að henni með skipulögðum hætti með því að setja fram stefnu í málefnum hennar.

Lögð er áhersla á að gerð fjölskyldna er ólík og að stjórnvöld geri ekki upp á milli fjölskyldugerða og að þær njóti jafnræðis. Í þessu sambandi er rétt að vekja athygli á skilgreiningu landsnefndar um Ár fjölskyldunnar á fjölskyldunni en hún er svohljóðandi: „Fjölskyldan er hópur einstaklinga sem á sameiginlegt heimili þar sem þeir deila tóm- stundum, hvíld, tilfinningum, efnahag, ábyrgð og verkefnum. Meðlimir eru oftast full- orðnar manneskjur af báðum kynjum, eða einstaklingur, ásamt barni eða börnum (þeirra). Þeir eru skuldbundnir hver öðrum í siðferðilegri gagnkvæmri hollustu.“

Í annarri málsgrein er fjallað um markmið fjölskyldustefnu sem er að styðja og styrkja fjölskylduna í verkefnum sínum. Sérstaða fjölskyldunnar sem félagslegar einingar er fól- gin í því að hver einasti einstaklingur hefur frá fæðingu lifað og hræst í fjölskylduum- hverfi. Einstakir fjölskyldumeðlimir og fjölskyldan sem eining eiga samskipti við samfé- lagið og einstakar stofnanir þess. Þessi margþættu og órjúfanlegu tengsl fjölskyldu og samfélags valda því að það eru nánast engin takmörk sett fyrir umfangi þeirra viðfangs- efna sem fjölskyldustefna tekur til. Þess vegna hlýtur það að vera breytilegt frá einum tíma til annars hvaða viðfangsefni og áherslur í fjölskyldumálum eiga við. Ræðst það m.a. af almennum sjónarmiðum, hugmyndum um forgangsriðun verkefna og breytilegum aðstæðum fjölskyldunnar.

Þótt áherslur í fjölskyldustefnu hljóti að vera breytilegar frá einum tíma til annars eru vissar meginforsendur sem eðlilegt er að gengið sé út frá. Lúta þær ekki síst að þeim sið- ferðilega mælikvarða sem fjölskyldunni tengist og ætla verður að almennt sé sátt um. Í þriðju málsgrein eru fjögur atriði tilgreind og varða tvö þau fyrri grundvallarhlutverk fjölskyldunnar: fjölskylduna sem tilfinningalegt athvarf einstaklinga annars vegar og um- önnunar- og uppeldishlutverk fjölskyldunnar hins vegar. Tvö síðari undirstöðuatriðin varða virðingu fyrir sjálfstæðum réttindum hvers einstaklings innan fjölskyldunnar og jafnrétti kvenna og karla.

Um II. kafla.

Kaflinn hefur að geyma skrá yfir þau viðfangsefni sem að mati landsnefndar um Ár fjölskyldunnar eru einkar mikilvæg við mótun fjölskyldustefnu líðandi stundar. Þannig eru þau hugsuð sem leiðsögn en ber ekki að líta á þau sem tæmandi úttekt. Jafnframt er ástæða til að leggja áherslu á að enda þótt um sé að ræða viðfangsefni sem hafa tiltekin markmið verður nánari útfærsla þeirra og framkvæmd háð stjórn málagæmum ákvörðunum.

Þau viðfangsefni, sem fjallað er um í þessum kafla, eru fæst ný og hafa flest verið til umræðu oft áður. Hins vegar hefur sjaldan verið gerð tilraun til að fjalla um þau út frá heildarsýn. Viðfangsefnin skýra sig að mestu sjálf. Viðfangsefni 2.1–2.3 eru almenns eðlis og lúta einkum að því að styrkja fjölskylduna til að sinna verkefnum sínum, ekki síst hvað varðar börn. Viðfangsefni 2.4–2.7 fjalla um atriði sem beinast að því að treysta farsæld fjölskyldunnar, einkum öryggi og afkomu. Viðfangsefni 2.8–2.11 víkja að stuðningi við fjölskyldur sem verðskulda að þeim sé gefinn gaumur vegna þarfa fyrir sérstakan stuðning (fatlaðir, aldraðir) eða vegna þess að staða þeirra er veik og hana þarf að styrkja (nýbúar, samkynhneigðir). Viðfangsefni 2.12–2.14 taka til þeirra þátta sem einkum ógna velferð fjölskyldunnar eða einstakra fjölskyldumeðlima, svo sem samskiptaerfiðleika, ofbeldis eða fíkniefnaneyslu. Loks miða viðfangsefni 2.15–2.16 að því að efla skilning á mikilvægi fjölskyldunnar, virðingu fyrir ólíkum fjölskyldugerðum og þörf fyrir rannsóknir í fjölskyldumálum.

Um III. kafla.

Í þessum kafla eru lagðar fram tvær tillögur um aðgerðir af hálfu stjórnvalda: undirbúin sé lagasetning um stofnun fjölskylduráðs annars vegar og sjóðs um fjölskylduvernd hins vegar.

Hugsunin, sem liggur að baki fjölskylduráði ríkisins, er að stjórnvöld á hverjum tíma hafi aðgang að ráðgjafarnefnd sem sé þeim til ráðuneytis í málefnum fjölskyldunnar. Jafnframt er fjölskylduráðinu ætlað að hafa frumkvæði að því að vekja athygli á æskilegum úrbótum er varða fjölskylduna og viðhalda umræðu um stöðu hennar í samfélaginu. Þetta skal m.a. gera með því að hvetja einkaaðila og félagasamtök til að láta málefni fjölskyldunnar til sín taka og jafnframt að stuðla að rannsóknum á högum og aðstæðum íslenskra fjölskyldna.

Rétt er að leggja sérstaka áherslu á að fjölskylduráðinu er ætlað að gera tillögur að framkvæmdaáætlun í fjölskyldumálum í samráði við einstök ráðuneyti, sambærilega við þá sem gerð hefur verið í jafnréttismálum. Þannig er ráðinu ætlað að hafa heildarsýn yfir málefni fjölskyldunnar og er hér um mjög mikilvægt atriði að ræða því eins og fyrr er getið um deilast verkefni ymist á ólík fagráðuneyti eða á milli ríkis og sveitarfélaga.

Gert er ráð fyrir að fjölskylduráðið skipi allt að fimm menn sem kosnir séu hlutfallskosningu af Alþingi, a.m.k. að hluta. Til greina kemur t.d. að Háskóli Íslands tilnefni mann í ráðið í því skyni að treysta fræðilegan grunn ráðsins, svo og að auðvelda því að sinna rannsóknarhlutverki sínu. Þá er gert ráð fyrir að félagsmálaráðherra skipi formann og að fjölskylduráðið starfi á vegum félagsmálaráðuneytis. Slík ráðstöfun felur í sér að félagsmálaráðherra og félagsmálaráðuneytið beri meiri ábyrgð en aðrir handhafar framkvæmdarvaldsins á málefnum fjölskyldunnar.

Stofnun sjóðs, sem hafi það hlutverk að stuðla að og styrkja þróunarverkefni og rannsóknir á sviði fjölskyldumála, er mjög tímabær. Afar fáar rannsóknir hafa verið gerðar á högum íslenskra fjölskyldna. Sameinuðu þjóðirnar hafa lagt mikla áherslu á þetta atriði í tilmælum sínum til aðildarríkjanna á Ári fjölskyldunnar. Af þessu tilefni ákvað lands-

nefndin að verja stærstum hluta þess fjármagns sem nefndin hafði til ráðstöfunar til viðamikillar rannsóknar á aðstæðum íslenskra barnafjölskyldna. Niðurstöður hennar munu birtar fljótlega.

Mikið skortir á að fjölskyldur eigi aðgang að nauðsynlegri þjónustu, einkum á sviði fjölskylduráðgjafar. Fjölskylduráðgjöf miðar að því að styðja fjölskylduna á álagstímum og tekur hún m.a. til ráðgjafar í uppeldismálum, samskiptaerfiðleikum og skilnaðarmálum. Á fjárlögum ársins 1994 var af tilefni Árs fjölskyldunnar veitt fé til fjölskylduþjónustu. Að tilmælum landsnefndarinnar var stærstum hluta þess fjármagns veitt til tilrauna- verkefna í fjölskylduráðgjöf á vegum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og í Eyjafirði. Mjög æskilegt er að framhald verði á þessum stuðningi og að hann taki til samvinnuverkefna fleiri sveitarfélaga.

Fylgiskjal.*Félagsmálaráðuneytið:***Lokaskýrsla landsnefndar um ár fjölskyldunnar 1994,
(Janúar 1995.)****1. Inngangur**

Í skýrslu þessari er gerð grein fyrir störfum landsnefndar um Ár fjölskyldunnar. Í upphafi er fjallað um væntingar Sameinuðu þjóðanna til Ársins og gerð grein fyrir stofnun íslensku landsnefndarinnar. Þá verður fjallað um markmið nefndarinnar og helstu leiðir til að ná því. Í þeirri umfjöllun er sérstakur gaumur gefinn að skilgreiningu á hugtakinu fjölskylda. Í næstu þremur köflum eru þessar leiðir kynntar og aðgerðum landsnefndar lýst. Í VI. kafla er fjallað um önnur verkefni nefndarinnar og m.a. sagt frá starfshópum sem tóku að sér einstök viðfangsefni. Að lokum er leitast við að gera grein fyrir því sem aðrir aðilar hafa tekið sér fyrir hendur í tilefni af Ári fjölskyldunnar.

Á Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 8. desember 1989 var samþykkt að árið 1994 skyldi vera *Ár fjölskyldunnar*. Einkunnarorð ársins voru „Fjölskyldan: Úrræði og skyldur í breytilegum heimi“. Um leið og Allsherjarþingið helgaði árið fjölskyldunni ákvað það að þess skyldi fyrst og fremst minnst í hverju landi og hverju byggðarlagi með aðstoð stofnana Sameinuðu þjóðanna. Öll aðildarríkin voru hvött til að koma á fót landsnefndum til að undirbúa aðgerðir á Árinu.

Sameinuðu þjóðirnar bentu á nokkur atriði sem þjóðir heims gætu hugað sérstaklega að á Ári fjölskyldunnar 1994. Eftirfarandi viðfangsefni voru meðal annars nefnd af þeirra hálfu:

- styrking fjölskyldunnar til að mæta eigin þörfum,
- jafnvægi milli þarfa fjölskyldunnar sem sinnt er innan heimilis og þess sem þjóðfélagið kemur til móts við,
- áhrif þjóðfélagsmeina á fjölskyldusambönd og viðurkenning á því að íhlutun stjórnvalda kann að vera nauðsynleg til að sporna við þáttum sem ógna fjölskyldulífi.

Sameinuðu þjóðirnar lögðu ríka áherslu á víðfeðma merkingu hugtaksins fjölskylda og töldu mikilvægt að allar gerðir fjölskyldna kæmu til umfjöllunar við undirbúning Ársins 1994. Hér var með öðrum orðum ekki eingöngu átt við hina hefðbundnu kjarnafjölskyldu heldur einnig einstæð foreldri með börn, barnlaus hjón og pör, stjúpfjölskyldur, uppkomna einstaklinga sem byggja heimili með öldruðu foreldri, samkynhneigða og svo mætti áfram telja. Velferð heimilanna skipti hér meginmáli en innan veggja þeirra býr fólk við afar mismunandi aðstæður.

Sumarið 1991 samþykkti ríkisstjórn Íslands að koma á fót landsnefnd sem falið yrði að undirbúa Ár fjölskyldunnar 1994 á Íslandi. Í október sama ár skipaði þáverandi félagsmálaráðherra, Jóhanna Sigurðardóttir, landsnefnd til að vinna að þessu verki. Nefndinni var falið að koma með tillögur að aðgerðum stjórnvalda í málefnum fjölskyldunnar á komandi árum og þess var vænst að tillögurnar fælu í sér grundvöll að mótun heildstæðrar fjölskyldustefnu. Óskað var tilnefninga ýmissa félagasamtaka og stofnana við skipun nefndarinnar og var markmiðið með stofnun svo fjölmennrar nefndar að ná til sem flestra stofnana og samtaka sem láta sig fjölskyldumál skipta. Eftirtaldir einstaklingar áttu sæti í nefndinni:

Ásgerður Ingimarsdóttir	Öryrkjabandalag Íslands
Barði Friðriksson	Vinnuveitendasamband Íslands
Belinda Theriault	Æskulýðssamband Íslands
Bjarni Sveinbjörnsson	Farmanna- og fiskimannasamb. Ísl.
Guðrún Ólafsdóttir	Landssamband aldraðra

Guðrún Aradóttir	Stéttarsamband bænda
Helga Halldórsdóttir	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti
Hjörleifur Sveinbjörnsson	Bandalag starfsmanna ríkis og bæja
Hrafn V. Friðriksson	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti
Jón Agnar Eggertsson	Alþýðusamband Íslands
Jóngeir H. Hlinason	Vinnumálasamband samvinnufélaga
Kristinn Karlsson	Hagstofa Íslands
Lára Björnsdóttir	Landssamtökin Þroskahjálp
Margrét Theódórsdóttir	Samband íslenskra sveitarfélaga
Ólafur Oddsson	Rauði Kross Íslands
Páll Ásgeirsson	Barnaheill
Ragnheiður Ólafsdóttir	Landssamband heimavinnandi
Ragnhildur Helgadóttir	Menntamálaráðuneyti
Regína Ásvaldsdóttir	Kvennaráðgjöfin
Signý Jörundsdóttir	Félag einstæðra foreldra
Sigríður Vilhjálmsdóttir	Kvenréttindafélag Íslands
Sigrún Júlíusdóttir	Háskóli Íslands
Sigrún Sturludóttir	Áfengisvarnaráð
Sjöfn Sigurbjörnsdóttir	Bandalag kvenna í Reykjavík
Stefanía M. Pétursdóttir	Kvenfélagasamband Íslands
Stefanía Traustadóttir	Jafnréttisráð
Steinunn Sigurðardóttir	Samfok
Svanhvít Björgvinsdóttir	Bandalag háskólamanna
Sæmundur Hafsteinsson	Barnaverndarráð
Þórey Guðmundsdóttir	Þjóðkirkja Íslands

Á starfstíma nefndarinnar urðu nokkrar breytingar: Belinda Theriault, Hrafn V. Friðriksson, Ólafur Oddsson, Ragnhildur Helgadóttir, Signý Jörundsdóttir og Regína Ásvaldsdóttir hættu störfum og þeirra sæti tóku Gylfi Þ. Gíslason frá Æskulýðssambandi Íslands, Hrefna Sigurðardóttir frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, Helga Þórólfsdóttir frá Rauða Krossi Íslands, Sigurveig Sæmundsdóttir frá menntamálaráðuneyti, Guðbjörg K. Sigurðardóttir frá Félagi einstæðra foreldra og María Þorgeirsdóttir fyrir Kvennaráðgjöfina. Jón Agnar Eggertsson lést snemma árs 1993 og tók Bryndís Hlööversdóttir sæti hans, sem fulltrúi ASÍ í nefndinni.

Bragi Guðbrandsson aðstoðarmaður félagsmálaráðherra var skipaður formaður nefndarinnar og starfsmaður hennar var Ingibjörg Broddadóttir deildarsérfræðingur í félagsmálaráðuneyti.

Landsnefndin hélt sinn fyrsta fund í október 1991 og kaus hún sér snemma framkvæmdanefnd. Í henni áttu sæti Stefanía M. Pétursdóttir, Sigrún Júlíusdóttir, Kristinn Karlsson, Ólafur Oddsson, Sjöfn Sigurbjörnsdóttir, Hjörleifur Sveinbjörnsson, Lára Björnsdóttir og Bragi Guðbrandsson sem jafnframt var formaður.

Landsnefndin hélt alls átján fundi á tímabilinu október 1991 til og með janúar 1995 en framkvæmdanefndin hélt alls 45 fundi á sama tímabili.

2. Markmið landsnefndar um Ár fjölskyldunnar

2.1 Hugtakið fjölskylda.

Eitt af fyrstu verkefnum landsnefndarinnar var að fjalla um fjölskylduna sem einingu í samfélaginu, en mikilvægt var talið að eining væri meðal nefndarmanna um merkingu hugtaksins einkum með hliðsjón af áherslu Sameinuðu þjóðanna á að allar gerðir

fjölskyldna væru viðurkenndar. Lagt var til að nefndarmenn settu á blað eigin hugmyndir um fjölskylduna, en jafnframt var þess farið á leit við dr. Sigrúnu Júlíusdóttur að hún hugleiddi skilgreiningu á fjölskyldunni, sem nefndin gæti haft að leiðarljósi við vinnu sína í framtíðinni. Fjölskyldan tók á sig ýmsar myndir í umfjöllun einstakra nefndarmanna, allt frá hinni þröngu skilgreiningu kjarnafjölskyldunnar til víðra skilgreininga, sem náguðust þá merkingu sem Sameinuðu þjóðirnar leggja áherslu á að unnið sé eftir. Fjölskyldan sem hornsteinn samfélagsins kom víða fram og allir virtust sammála um að gagnkvæm ábyrgð og samvinna einkenndi fjölskyldulíf á öllum stigum. Þá fengu börnin og umönnunarhlutverk fjölskyldunnar talsverða umfjöllun. Minnt var á að fjölskyldan einkennist einnig af því að hún á sér sameiginlegar minningar og sameiginlegan menningararf og heimilislífið er fyrirmynd barnanna að stofnun eigin fjölskyldu síðar á lífsleiðinni.

Gagnlegt kann að vera að líta til sögunnar þegar merking hugtaksins fjölskylda er hugleidd. Gísli Ágúst Gunnlaugsson ritar eftirfarandi í bók landsnefndar *Umhverfi fjölskyldunnar*:

„Rannsóknir á fjölskyldunni hafa leitt í ljós að margt af því sem áður var tekið sem „gefið“ varðandi formgerð hennar, stærð og hlutverk í evrópsku samfélagi fyrr á tíð reyndist rangt. Á fyrri öldum leit fólk fjölskylduna öðrum augum en við gerum nú. Í bændasamfélaginu var hún víðast framleiðslu- og neyslueining í senn. Að framleiðslustörfum fjölskyldunnar unnu ekki einungis þeir meðlimir hennar sem tengdir voru blóðböndum, heldur einnig vinnuhjú og lausafólk af ýmsu tagi. Þetta fólk deildi kjörum með blóðtengdum fjölskyldumeðlimum og var hluti af „fjölskyldunni“ meðan á ráðningartíma þess stóð. Á latínu merkir hugtakið „fjölskylda“ hjú og þræla forstöðumanns heimilis. Nútímamerking hugtaksins „fjölskylda“, sem hjónabandsfjölskylda, er ekki ýkja gömul. Í þýsku máli fékk hugtakið „Familie“ nútímamerkingu sína á 18. öld og sama virðist gilda um merkingu íslenska hugtaksins „fjölskylda“ ef marka má seðlasafn Orðabókar Háskólans.“ (Bl. 55, Fjölskyldan uppspretta lífsgilda)

Landsnefndin hefur leitast við að hafa heimilin í huga þegar um málefni fjölskyldunnar er fjallað. Það er hollt að hafa í huga að fyrr á öldum hafði hugtakið fjölskylda, að vissu leyti, aðra merkingu sem byggði á því að hún var hvort tveggja í senn framleiðslu- og neyslueining og voru allir sem þátt tóku í heimilislífinu taldir til fjölskyldunnar. Undir þessa fornu merkingu má að vissu leyti taka í dag, einkum þegar litið er til afkomumöguleika fjölskyldnanna. Erfitt getur reynst að einangra þá umræðu við þrönga skilgreiningu á fjölskyldunni og rétt að líta til þeirra sem byggja heimili saman og bera efnahagslega ábyrgð á því sameiginlega.

Síðar í grein sinni segir Gísli:

„Rannsóknir á fjölskyldugerðum og heimilisstærð hafa vissulega aukið miklu við þekkingu okkar á formgerð fjölskyldunnar í mismunandi afkomuumhverfi á mismunandi tímum. Sömuleiðis eru áhrif samfélagsbreytinga á fjölskyldugerðina nokkuð skýr. Á hinn bóginn skortir enn viðameiri sagnfræðirannsóknir sem beinast að tilfinningalegum forsendum fjölskyldustofnunar, samskiptum fjölskyldumeðlima, uppeldis- og umönnunarhlutverki fjölskyldunnar og fleira mætti telja. Á tímabilinu 1880-1930 breyttist íslenska fjölskyldan frá því að vera fyrst og fremst framleiðslueining í það að verða neyslueining. Í bændasamfélaginu var hún helsta félagsmótunarstofnunin. Innan veggja hennar var menningararfinum skilað frá kynslóð til kynslóðar og þar lærðu börn hið nauðsynlegasta í bóklegum og verklegum efnum. Jafnframt var fjölskyldan eina athvarf þeirra sem þurftu á aðhlyningu að halda vegna sjúkdóma eða ellihrumleika. Með breyttum þjóðfélagsháttum tóku formlegar, sérhæfðar stofnanir smám saman yfir mörg þessara hlutverka. Vissulega hafði þetta áhrif á verkefni fjölskyldunnar og fjölskyldulíf.“ (Bl. 59, Fjölskyldan uppspretta lífsgilda)

Enn í dag er fjölskyldan víða eina athvarf þeirra sem eiga um sárt að binda, þrátt fyrir breytt samfélag og sérhæfðar stofnanir. Einkanlega er fjölskyldan hið tilfinningalega athvarf einstaklinganna og litlar líkur eru á því að það breytist. Ennfremur er *fjölskyldan* enn í dag *uppspretta lífsgilda* og innan veggja hennar er menningararfinum skilað frá kynslóð til kynslóðar á sama hátt og fyrr á öldum. Skilgreining landsnefndarinnar á hugtakinu fjölskylda tók m.a. mið af þessum atriðum og komst hún að þeirri niðurstöðu að hafa eftirfarandi skilgreiningu til hliðsjónar við störf sín:

„Fjölskylda er hópur einstaklinga sem á sameiginlegt heimili þar sem þeir deila tómstundum, hvíld, tilfinningum, efnahag, ábyrgð og verkefnum. Meðlimir eru oftast fullorðnar manneskjur af báðum kynjum, eða einstaklingur, ásamt barni eða börnum (þeirra). Þau eru skuldbundin hvort öðru í siðferðilegri, gagnkvæmri hollustu.“

2.2 Heildarsýn í málefnum íslenskra fjölskyldna.

Landsnefndin setti sér snemma eftirfarandi heildarmarkmið fyrir Ári fjölskyldunnar 1994:

Að efla íslenskar fjölskyldur og að þær verði viðurkenndar í raun sem grunneiningar samfélagsins, þar sem einstaklingar deila tilfinningum, efnahag, ábyrgð, verkefnum og hvíld.

Að mati nefndarinnar voru helstu leiðir að heildarmarkmiðinu eftirfarandi:

- a) Að móta heildstæða fjölskyldustefnu.
- b) Að stuðla að viðhorfsbreytingu gagnvart fjölskyldunni meðal ráðamanna og almennings, þannig að mikilvægi hennar komi skýrar í ljós og verði almennt og formlega viðurkennt. Jafnframt hafi viðurkenningin það í för með sér að fjölskyldunni verði búnir betri afkomumöguleikar. Áhersla er lögð á að bættir afkomumöguleikar skili sér til allra fjölskyldugerða.
- c) Að huga sérstaklega að barnafjölskyldum og koma með tillögur til úrbóta í málefnum þeirra.

Hér á eftir verður fjallað um þessar þrjár meginleiðir og greint frá aðgerðum landsnefndarinnar til að ná fram meginmarkmiði sínu.

3. Mótun fjölskyldustefnu

3.1 Umhverfi heimilanna.

Samfara breyttum lífsháttum hafa verkefni heimilanna breyst til muna. Samfélagið er orðið flóknara og heimilislífið hefur orðið að laga sig að því. Farsælt samspil atvinnu og fjölskyldulífs er nánast orðið kjarni málsins varðandi tilvist heimilanna. Atriði eins og langur vinnudagur fullorðinna utan heimilis, aukið hlutverk skólanna í uppeldi barna og fjölgun aldraðra á vistheimilum, hefur líklega leitt til þess að fjölskyldurnar hafa á vissan hátt fengið önnur hlutverk.

Eitt af meginverkefnum landsnefndar um Ári fjölskyldunnar 1994 var að móta tillögur til stjórnvalda um opinbera fjölskyldustefnu. Opinber fjölskyldustefna verður að taka mið af þörfum allra fjölskyldumeðlima, barna jafnt sem aldraðra, kvenna jafnt sem karla. Hún viðurkennir fjölskylduna sem vettvang tilfinningalegra tengsla og gagnkvæmrar ábyrgðar og leitar jafnvægis milli þess að mæta þörfum hennar fyrir opinbera þjónustu annars vegar og þess að varðveita hlutverk hennar og mikilvægi hins vegar.

Íslensk heimili eru tiltölulega fjölmenn ef mið er tekið af stærð heimila á hinum Norðurlöndunum. Meðalfjöldi á íslenskum heimilum er um 2.8 meðan þau eru 2.1 í Svíþjóð, 2.2 í Danmörku og 2.4 í Noregi og Finnlandi. Skýringin er sú að lifandi fædd börn á hverja konu á Íslandi eru mun fleiri en á hinum Norðurlöndunum. Á tímabilinu 1986 til 1990 voru þau um 2.2 á Íslandi en 1.6 í Danmörku og Finnlandi og 1.8 í Noregi og 1.9 í Svíþjóð, þessi munur var mun meiri á tímabilinu 1950 til 1965. Ennfremur sker Ísland sig úr varðandi aldurssamsetningu íbúa landanna. Hér á landi er um fjórðungur íbúa 14 ára eða yngri og rúmlega 10% eldri en 64 ára. (Þessar tölulegu upplýsingar eru fengnar úr grein Kristins Karlssonar í Fjölskyldan uppspretta lífsgilda).

Hlutfallsleg skipting íbúa á Norðurlöndum eftir aldri 1991:

	Danmörk	Finnland	Ísland	Noregur	Svíþjóð
Aldur	%	%	%	%	%
0-14 ára	16.9	19.2	24.8	19.0	18.1
15-64 ára	67.5	76.2	64.5	64.7	65.1
65 ára og eldri	15.6	13.5	10.7	16.3	17.7

Íslendingar, sem eiga hlutfallslega flest börn, verja hins vegar minnstu til velferðarmála af Norðurlöndunum. Hér er tekið mið af skiptingu útgjalda til félags- og heilbrigðismála sem renna til fjölskyldna og barna á Norðurlöndum. Í hlutfalli af landsframleiðslu nema fjárhæðirnar 2.5% á Íslandi, 5.1% í Svíþjóð og 3.5% í Danmörku, Finnlandi og Noregi.

Fjölskyldunum verður að vera gert kleift að takast á við þau verkefni sem þær eru best fallnar til að annast. Eitt helsta viðfangsefni heimilanna er uppeldi og umönnun barna. Oft er þetta tímabil í lífi fjölskyldunnar tiltölulega stutt og því mikilvægt að þannig sé búið að barnafjölskyldum að þær geti, á viðunandi hátt, sinnt þessu verkefni. Hér skiptir atriði eins og samspil heimilanna, atvinnulífs og skóla miklu máli, ekki síður en örugg daggæsla fyrir ung börn. Samskipti heimila og skóla hafa mikil áhrif á velferð barna og er mikilvægt að samvinna foreldra og þeirra sem annast börn þeirra daglangt flesta daga vikunnar sé í góðum farvegi. Það kann því að vera rétt að endurskoða í heild sinni hefðbundnar starfsaðferðir í því skyni að ná fram nánari og sveigjanlegri samskiptum milli þessara aðila. Ýmis uppeldisleg atriði sem foreldrar eru að kljást við frá degi til dags yrðu viðráðanlegri ef samstarf heimila og skóla væri markvissara, meira og opnara, en margt bendir nú til þess að áhugi foreldra á skólastarfi sé að aukast. Kennarar hafa einnig sýnt samstarfi við foreldra aukinn skilning og áhuga. Jafnframt gæti skólastarfið orðið enn árangursríkara ef foreldrar bæru meiri ábyrgð á því en nú er. Á sama hátt skiptir verulegu máli að samræmi sé milli vinnudags foreldra og skóladags barna og að vinnuumhverfið sé „fjölskylduvænt“, með þeim hætti að tillit sé tekið til fjölskylduábyrgðar starfsmanna.

Fáar samverustundir barna með foreldrum eru nefndinni áhyggjuefni og sú staðreynd er uggvænleg að um 37% 6 og 8 ára barna í Reykjavík eru vikulega án umsjár fullorðinna, eða að meðaltali í um 8.5 klst. á eigin ábyrgð. Mörgum hefur orðið tíðrætt um háa slysatíðni barna á Íslandi og óskaði landsnefndin sérstaklega eftir upplýsingum frá Borgarspítala um þetta efni. Í þeim upplýsingum og reyndar víðar, kemur fram að slys á börnum eru mun algengari á Íslandi en á Norðurlöndunum. Miðað við íbúafjölda deyja fleiri börn hér á landi vegna slysa og ennfremur meiddast og deyja fleiri í umferðarslysum hér en á hinum Norðurlöndunum. Erfitt er að benda á eina skýringu á þessu en líklegt er að eftirlitsleysi sé ein þeirra.

Viðurkenning á heimilisstörfum og sá kostnaður sem foreldrar hafa af því að sækja vinnu eru atriði sem skipta fjölskyldulíf miklu. Hjón og sambýlisfólk fá ónóga aðstoð frá

opinberum aðilum vegna barnagæslu, samfelldur skóladaður er ekki orðinn almennur og ekki er samræmi milli vinnudags foreldra og viðveru barna í skóla.

Efnahagsaðgerðir ríkisstjórna undanfarinna áratuga hafa almennt ekki tekið mið af þörfum fjölskyldunnar sem heildar og barnafjölskyldur hafa því miður liðið fyrir það að ekki er til opinber fjölskyldustefna í landinu. Í erindi sínu á málþingi landsnefndarinnar á Hótel Sögu í janúar 1994 fjallaði Bragi Guðbrandsson formaður nefndarinnar um opinbera fjölskyldustefnu. Í máli hans kom m.a. eftirfarandi fram:

„Þegar litið er á opinbera tilfærslukerfið frá sjónarhóli fjölskyldunnar vakna margar spurningar. Til dæmis um mismunandi meðferð barna í bótakerfinu sem lýtur að því hvemig framfærsla þeirra er metin. Fróðlegt er að bera saman viðbót vegna barna á t.d. atvinnuleysisdagpeningum, sjúkradagpeningum og slysdagpeningum. Þá kemur í ljós að barn slasaða foreldrisins er talið þurfa 149 kr. á dag, barn sjúka foreldrisins 142 kr. en barn þess atvinnulausa um helmingi minna eða rúmar 85 kr. á dag. Á heildina litið virðast því engar meginreglur gilda um það með hvaða hætti á að taka tillit til framfærslukostnaðar barna.“ (Bls. 40, Fjölskyldan uppspretta lífsgilda)

„Þjónustukerfi hins opinbera og stofnanir þess hafa verið skipulagðar miðað við tiltekin viðfangsefni eða afmarkaða hópa í þjóðfélaginu, svo sem nemendur, sjúka og fatlaða. Þannig er yfirlýst markmið grunnskólans og leikskólans að veita nemendum sínum menntun sem býr þá undir virka þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi og því höfum við stefnu í menntamállum. Það er yfirlýst hlutverk heilbrigðiskerfisins að veita sjúkum eins góða heilbrigðisþjónustu og kostur er á hverjum tíma. Því höfum við stefnu í heilbrigðismálum. Það er yfirlýst markmið í málefnum fallaðra að þeim sé gert kleift að vera virkir þátttakendur í þjóðfélaginu og njóta jafnréttis. Það er yfirlýst markmið í málefnum aldraðra að þeim sé gert kleift að búa sem lengst á eigin heimilum en að jafnframt sé þeim tryggð stofnanisþjónusta þegar þarf. Það er yfirlýst hlutverk félagsþjónustu sveitarfélaga að koma til móts við ólíkar þarfir einstaklinga og hópa þannig að stuðlað sé að jöfnuði og bættum lífsgæðum. Við höfum því sett okkur skýr markmið í öllum meginþáttum félagsþjónustunnar. Hins vegar höfum við engin markmið sett okkur um velferð fjölskyldunnar, þarfir hennar hafa ekki verið skilgreindar og því er langt í land að hið opinbera hafi stefnu í málefnum hennar til hliðsjónar við stjórnvaldaáðgerir.“ (Bls. 41, Fjölskyldan uppspretta lífsgilda)

„Það er í raun þversögn að tala um fjölskylduna sem grunneiningu samfélagsins – og stundum jafnvel þá mikilvægustu – en ætla henni ekki viðurkenndan sess heldur hlut hornrekunnar í félagslegri stefnumótun. Meðan litið er á fjölskylduna sem einkastofnun en ekki sem eina af stofnunum samfélagsins sem snertir almannaheill og gera þarf ráð fyrir í opinberri stefnumótun, er útilokað að uppræta ójöfnuð milli kynja, aðstöðumun foreldra eftir fjölskyldugerðum og mismunun barna eftir uppeldisaðstæðum“ (Sigrún Júlíusdóttir: Rannsókn á högum foreldra og barna á Íslandi.)

3.2 Þingsályktunartillaga um mótun opinberrar fjölskyldustefnu og aðgerðir til að styrkja stöðu fjölskyldunnar.

Landsnefndin tekur undir framangreind sjónarmið og hefur hún nú lagt til við félagsmálaráðherra, Rannveigu Guðmundsdóttur, að hún beiti sér fyrir því að þingsályktunartillaga um mótun opinberrar fjölskyldustefnu verði lögð fram á Alþingi Íslendinga í byrjun árs 1995. Lagt er til að í þingsályktunartillögunni felist viðurkenning á fjölskyldunni sem grunneiningu íslensks samfélags og því beri stjórnvöldum á hverjum tíma að marka sér opinbera stefnu í málefnum fjölskyldunnar. Opinber fjölskyldustefna hafi það markmið að styrkja og styðja fjölskylduna til að sinna hlutverki sínu í nútímasamfélagi og spannar innihald fjölskyldustefnu nánast öll viðfangsefni opinberrar stjórnsýslu. Landsnefndin leggur áherslu á að fjölskyldan sé virt sem uppspretta lífsgildanna og vörður menningarverðmæta. Á hverjum tíma skuli fjölskyldustefna taka mið af breytilegum þörfum heimilanna og helstu verkefnum þeirra. Akveðin atriði verði sett í brennidepil, s.s. að aðbúnaði á heimilum sé þannig háttað að börn fái notið öryggis og þau fái tækifæri til að þroska eiginleika sína til hins ítrasta, að fjölskyldan njóti verndar sem vettvangur tilfinningatengsla og að heimilin séu viðurkennd sem tilfinningalegt athvarf einstaklinganna, þar sem þeim gefst tækifæri til að deila gleði og sorg. Áhersla verði lögð á að gæta samræmingar milli

atvinnu/skóla og fjölskyldulífs og að afkomumöguleikar fjölskyldna séu tryggðir. Síðast en ekki síst leggur nefndin til að tekið sé markvisst á vandamálum er steðja að fjölskyldum s.s. vegna heimilisofbeldis og neyslu fíkniefna.

Landsnefndin leggur enn fremur til að undirbúin verði löggjöf sem kveði á um stofnun *opinbers fjölskylduráðs* sem hafi það hlutverk að stuðla að eflingu og vernd fjölskyldunnar. Verkefni þess verði að veita stjórnvöldum ráðgjöf í fjölskyldumálum, að eiga frumkvæði að opinberri umræðu um málefni fjölskyldunnar, að koma á framfæri ábendingum í málefnum fjölskyldna, að hvetja óopinbera aðila til aðgerða á sviði fjölskyldumála og stuðla að rannsóknum á högum og aðstæðum íslenskra fjölskyldna. Enn fremur er lagt til að ráðið annist tillögugerð um framkvæmdaáætlanir í málefnum fjölskyldunnar.

Að lokum leggur nefndin til að stofnaður verði *sjóður um fjölskylduvernd*, sem hafi það markmið að styrkja og efla fjölskyldumál. Hlutverk hans verði tvíþætt, að veita fé til styrktar tilraunaverkefnum sem hafi það markmið að bæta þjónustu við fjölskyldur og skilyrði þeirra til að rækja hlutverk sín og að veita fé til rannsókna á högum og aðstæðum íslenskra fjölskyldna.

3.3 Þingsályktunartillaga um fullgildingu Íslands á samþykkt Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar nr. 156 um jafna möguleika og jafnrétti til handa konum og körlum í atvinnu: Starfsfólk með fjölskylduábyrgð.

Í júní 1981 gerði Alþjóðavinnumálastofnunin samþykkt um starfsfólk með fjölskylduábyrgð. Samþykktin tekur til vinnandi karla og kvenna sem hafa skyldum að gegna gagnvart eigin börnum og öðrum nánnum vandamönnum, þegar slíkar skyldur skerða möguleika þeirra til undirbúnings, þátttöku eða frama í atvinnulífinu. Samþykktin tekur til allra greina atvinnulífsins og er megininntak hennar að auðvelda fólki með fjölskylduábyrgð að sinna atvinnu sinni án þess að verða fyrir mismunun og að svo miklu leyti sem því er mögulegt, án árekstra milli atvinnu þess og fjölskylduábyrgðar. Yfir 20 lönd hafa fullgilt samþykktina þar á meðal öll Norðurlöndin utan Ísland og Danmörk.

Félagsmálaráðherra hyggst á næstunni leggja fyrir ríkistjórn Íslands tillögu til þingsályktunar um að Alþingi fullgildi samþykktina og beinir landsnefndin þeim tilmælum til ríkisstjórnarinnar að hún fullgildi hana.

4. Viðhorfsbreyting gagnvart fjölskyldunni

4.1 Hvatning til samfélagsins.

Gengið er út frá því að fjölskyldan sé grunneining samfélagsins, hins vegar skortir víða almenna og formlega viðurkenningu á því. Strax á fyrsta fundi landsnefndarinnar var bent á að mikilvægi fjölskyldunnar í samfélaginu væri vanmetið. Þessu vildi landsnefndin breyta ef nokkur kostur væri með því að hafa áhrif á viðhorf sem flestra, bæði almennings og ráðamanna, til fjölskyldunnar. Gert var hefti sem innihélt eftirfarandi upplýsingar: a) Meginmarkmið landsnefndarinnar ásamt helstu aðgerðum sem fyrirhugaðar voru til að ná þessu markmiði, b) skilgreining landsnefndar á hugtakinu fjölskylda, c) yfirlitsblað með verkefnum í tilefni af Ári fjölskyldunnar ásamt nákvæmari tillögum þar sem skólar, sveitarfélög, almenn samtök og samtök launafólks voru sett í brennidepil og d) tölfræðileg samantekt um fjölskyldur og heimili á Íslandi. Þessu hefti, ásamt bæklingi Sameinuðu þjóðanna, var dreift til allra fyrrnefndra aðila svo og til flestra foreldrafélaga í landinu snemma árs 1993 og fylgdi með hvatning til átaks á Ári fjölskyldunnar 1994. Meginmarkmiðið með þessum aðgerðum var að hvetja aðila til aðgerða á Árinu sem stuðlað

gætu að viðhorfsbreytingu gagnvart fjölskyldunni og gera hlutverk hennar sýnilegra í samfélaginu. Ennfremur að hvetja stofnanir til að endurskoða þjónustu sína og viðhorf til fjölskyldunnar. Verkefnum einstakra samtaka, sveitarfélaga og skóla verða gerð skil síðar í þessari greinargerð.

Landsnefndin lét prenta veggspjald með merki Árs fjölskyldunnar og einkunnarorðunum „FJÖLSKYLDAN UPPSPRETTA LÍFSGILDA“. Þessu veggspjaldi var dreift um allt land í skóla, heilsugæslustöðvar og til fjölda annarra stofnana.

Að lokum er rétt að geta þess að landsnefndin hvatti Póst og síma til að gefa út frímerki í tilefni af Ári fjölskyldunnar. Gefið var út fallett frímerki snemma árs 1994. Hönnuðir frímerkisins eru Tryggvi Tryggvason og Anna Þóra Árnadóttir grafískir hönnuðir hjá Yddu h.f.

4.2 Bæklingur Sameinuðu þjóðanna.

Snemma árs 1993 kom út í íslenski þýðingu, á vegum nefndarinnar, hefti Sameinuðu þjóðanna sem ber nafnið *Ár fjölskyldunnar 1994, Efling smæstu lýðræðislegu einingarinnar í hjarta samfélagsins*. Í þessu hefti er m.a. yfirlýsing S.þ vegna Árs fjölskyldunnar og meginatriðin sem liggja að baki henni, markmið ársins og sundurliðuð áætlun fyrir Ári fjölskyldunnar. Þessum bæklingi, sem prentaður var í 1000 eintökum var dreift til allra þeirra aðila sem talið var að málið varðaði og líklegir þóttu til að leggja málinu lið með einum eða öðrum hætti. Þessir aðilar voru nefndir hér að framan. Í bæklingnum er einnig að finna texta sem lýsir merki Árs fjölskyldunnar og er hann eftirfarandi:

„Hið einfalda merki er hjarta sem tengist öðru hjarta í skjóli undir þaki og táknar líf og kærleika á heimili þar sem unnt er að finna hlýju, umhyggju, öryggi, samhygd, umburðarlyndi og viðurkenningu. Myndin er opin og vísar til samfellu og jafnframt nokkurrar óvissu. Pensilfarið á opnu þakinu er lokadrátturinn í óhlutlægu merki sem táknar margbreytileika fjölskyldunnar, hornsteins samfélagsins.“

4.3 Opnunarhátíð og málþing.

Í lok janúar 1994 stóð landsnefndin fyrir fjölsótttri, vandaðri fjölskylduskemmtun, sem haldin var í Háskólabíói. Var leitast við að bjóða upp á dagskrá við hæfi ungra sem aldna. Í anddyri hússins gafst samtökum og stofnunum sem sinna fjölskyldumálum tækifæri til að kynna starfsemi sína og tóku 45 aðilar þátt í þessari kynningu. Kynningin stóð í 3 daga. Á annað þúsund manns sóttu hátíðina, fólk á öllum aldri.

Degi síðar var haldið málþing á Hótel Sögu. Málþingið sótti á sjötta hundrað manns. Fluttir voru 22 fyrirlestrar um fjölskyldumál. Sérfræðingar, hver á sínu sviði, tóku til umfjöllunar ytri og innri aðstæður íslenskra fjölskyldna. Andmælendur fluttu síðan hugleiðingu í kjölfar hvers erindis og fyrirspurnir úr sal voru margar áleitnar og vekjandi.

Erindin voru síðan gefin út á bók og verður greint nánar frá henni hér á eftir. Ennfremur var sveitarfélögum boðið að fá fyrirlesara frá málþinginu til að koma út á landsbyggðina og endurtaka erindin þar. Til dæmis héldu Akureyringar málþing á sl. hausti með þátttöku nokkurra fyrirlesara ásamt innleggi frá heimamönnum. Samhliða var haldin kynning á margvíslegri þjónustu sem fjölskyldum stendur til boða á Akureyri og nágrenni. Síðar í þessari skýrslu er gerð grein fyrir aðgerðum sveitarfélaganna og verður þar greint nánar frá málþingum á landsbyggðinni.

4.4 Bókarútgáfa og skýrsla landsnefndar.

Skömmu fyrir sl. jól kom út bókin *Fjölskyldan uppspretta lífsgilda*, en hún hefur að geyma erindin frá málþinginu ásamt skýrslu sem landsnefndin lét gera á árinu 1992. Bókinni er ætlað að bæta úr brýnni þörf fyrir aðgengilegar upplýsingar um aðstæður íslenskra fjölskyldna. Í henni er fjallað um helstu málaflökka sem snúa að fjölskyldunum í landinu og er þess vænst að hún geti nýst þeim sem vilja kynna sér viðfangsefnið og ekki síður orðið kveikja að framhaldsstarfi að loknu Ári fjölskyldunnar. Meðal viðfangsefna sem fjallað er um er opinber fjölskyldustefnu, fjölskyldan í skuggsjá sögunnar, afkoma heimilanna, lagaleg staða fjölskyldunnar og breytingar á heimilum síðustu áratugi. Sérhæfðari viðfangsefni s.s. fötlun, öldrun og unglingsárin fá sérstaka umfjöllun og um ástina er fjallað í greininni „Listin að elska, listin að lifa“. Á bakhlið bókarrinnar segir Björn Björnsson prófessor í guðfræði eftirfarandi: „Fjölskyldan, uppspretta lífsgilda flytur lesandanum yfirgripsmikinn og efnisríkan fróðleik um fjölskylduna, stöðu hennar og hlutverk í samfélagi hraðfara breytinga. Vekur áleitnar spurningar um stefnumörkun í fjölskyldumálum, um manngildi, barnavernd og fjölskylduvernd, um brýna þörf á nýju gildismati til styrktar heilsteypu fjölskyldulífi á grunni réttlætis og kærleika.“

Landsnefndin fékk Ómar H. Kristmundsson stjórnsýslufræðing til að vinna skýrslu um aðstæður íslenskra fjölskyldna. Skýrslan hlaut nafnið *Umhverfi fjölskyldunnar* og er hún birt í heild sinni í bókinni. Hún var að mestu leyti unnin á árinu 1992, en leitast hefur verið við að setja inn nýjar tölfræðilegar upplýsingar og bæta heimildaskrá. Skýrslan skiptist í 7 kafla og fjalla fyrstu fjórir um fjölskyldugerðir, myndun fjölskyldu, fjölskylduslit, barneignir og framfærslu-, húsnæðis- og atvinnumál. Þar er einnig fjallað um dagvistunar- og skólamál og vandamál í umhverfi fjölskyldunnar. Fimmti og sjötti kafli fjalla um réttindi og bætur til fjölskyldufólks, og sérstaklega er fjallað um réttarstöðu fólks í formlegri sambúð og þeirra sem eru heimavinnandi.

5. Barnafjölskyldur

5.1 Rannsókn á högum foreldra og barna á Íslandi.

Í samræmi við það markmið landsnefndar að beita sér fyrir aðgerðum er verða mættu til að breyta viðhorfum almennings og ráðamanna til fjölskyldunnar var ákveðið að gerð skyldi víðtæk rannsókn á högum barnafjölskyldna á Íslandi, einkum með tilliti til aðstæðna barna einstæðra foreldra. Í lok október 1992 var gengið frá samningi milli félagsmálaráðuneytis og Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands um framgang rannsóknarinnar og var Sigrúnu Júlíusdóttur dósent í félagsráðgjöf við H.Í. falin verkstjórn rannsóknarinnar. Með henni hafa unnið að þessu verki þau Sigurður J. Grétarsson og Friðrik H. Jónsson kennarar í sálarfræði við H.Í. og Nanna K. Sigurðardóttir stundakennari við félagsráðgjöf við H.Í.

Vandaðir og ítarlegir spurningalistar voru sendir til fimm hópa: Giftra foreldra, fráskilinna foreldra, með og án forsjár barna, ekkna og ekkla og einhleypra foreldra. Svör bárust frá 846 fjölskyldum úr dreifbýli og þéttbýli. Heimtur svara urðu með því sem best gerist á þessum vettvangi eða 75%, einkum þegar tillit er tekið til þess að hér var um margar og flóknar spurningar að ræða. Niðurstöður rannsóknarinnar liggja nú fyrir í meginráttum og benda þær ótvírætt til þess að íslenskar fjölskyldur búi við ójöfnuð sem skapar misrétti gagnvart börnum og mismunun, sem bitnar á körlum, konum og börnum með margvíslegum hætti. Ennfremur kemur fram að giftir foreldrar virðast búa við bestu skilyrðin fjárhagslega og í húsnæðismálum, en erfiðast uppdráttar eiga fráskildar einstæðar mæður. Fjárhagur

þeirra og húsnæðisaðstæður eru lakastar. Sá hópur sem virðist búa við minnstan stuðning fjölskyldu og er ósáttastur við tengslin við börn sín eru fráskildir feður án forsjár, en mest tengsl og bestan stuðning frá upprunafjölskyldu virðast einhleypir foreldrar með forsjá hafa.

Rannsóknarhópurinn vinnur nú að lokaskýrslu og skipti hann að nokkru með sér verkum eftir sérþekkingu og áhuga. Skýrslan skiptist í fimm meginhluta, en í lokakafla eru niðurstöður tengdar saman og ályktanir sem af þeim eru dregnar settar í félags- og fjölskyldupólitískt samhengi. Landsnefndin væntir þess að niðurstöður rannsóknarinnar megi verða til þess að varpa skýrara ljósi á aðstæður barnafjölskyldna og að þær geti orðið ráðamönnum leiðarljós við stefnumótun í nútíð og framtíð. Áætlað er að gefa rannsóknina út á fyrri hluta ári 1995.

5.2 *Barnarverndarstarf og fjölskylduþjónusta.*

Landsnefndin hefur fjallað töluvert um barnavernd og þjónustu við barnafjölskyldur á fundum sínum. Nefndinni var snemma hugleikið að sett yrði á laggirnar fjölskylduþjónusta ríkisins sem veitti heildstæða þjónustu við barnafjölskyldur. Var hér einkum átt við þjónustu við fjölskyldur sem eiga í það alvarlegum erfiðleikum að hin hefðbundna aðstoð sem sveitarfélögum ber að veita samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga dygði ekki til hjálpar. Einnig var það gagnrýnt af hálfu nefndarinnar að aðeins fjölskyldum barna og ungmenna 12 til 16 ára (18 ára) stóð til boða ráðgjöf og þjónusta sem veitt var af hálfu Unglingaheimilis ríkisins. Börnum innan við 12 ára aldur stóð ekki til boða slík þjónusta og var það mat nefndarinnar að rök fyrir þessari aðgreiningu væru vandfundin og það gæti beinlínis truflað meðferðarstarf að rjúfa fjölskylduþjónustuna með þessum hætti við 12 ára aldur.

Nú er það ljóst að sveitarfélögunum ber skylda til að veita lögbundna þjónustu í samræmi við lög um vernd barna og ungmenna svo og í samræmi við lög um félagsþjónustu sveitarfélaga. Segja má að almenn fjölskylduráðgjöf sé þar innanborðs, en í V. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga er kveðið á um félagslega ráðgjöf. Í 16. gr. segir að félagsmálanefndir skuli leitast við að bjóða upp á félagslega ráðgjöf og hún er síðan skilgreind nánar í 17. gr. en þar segir: „Félagsleg ráðgjöf tekur m.a. til ráðgjafar á sviði fjármála, húsnæðismála, uppeldismála, skilnaðarmála ...“.

Nefndin fjallaði ennfremur mjög ítarlega um skýrslu Hagsýslu ríkisins um *málefni barna og unglíngalstjórnarsýsla, skipulag og rekstur* sem kom út í október 1993. Um sama leyti barst landsnefndinni bréf frá þáverandi félagsmálaráðherra, Jóhönnu Sigurðardóttur, þar sem hún fór þess á leit við landsnefndina að hún fjallaði sérstaklega um hugmyndir að nýjum viðfangsefnum á sviði málefna barna og fjölskyldna, einkum þó fjölskylduþjónustu veitta af hálfu ríkisins. Hagsýsla ríkisins hafði þá þegar komist að þeirri niðurstöðu að skortur á samhæfingu hinna ýmsu aðila sem starfa að málefnum barna og unglíngna væri alvarlegt vandamál. Ennfremur væri verkaskipting óljós og ríkið hefði smátt og smátt tekið að sér viðfangsefni sem sveitarfélögunum bæri að sinna. Þá væri hlutverkaskipting óljós og skortur á markvissri stjórnun áberandi.

Niðurstaða landsnefndar varð sú eftir talsverða íhugun og undirbúning að eðlilegt og heppilegt væri að almenn fjölskylduþjónusta skyldi veitt af hálfu sveitarfélaganna, enda gerðu lög ráð fyrir því og með þeim hætti stæði þjónustan nær íbúum landsins, þó svo að ljóst væri að hún væri afar takmörkuð hjá langflestum sveitarfélögum landsins. Yrði að leita annarra leiða til að hvetja sveitarfélögin til að bjóða upp á bætta fjölskylduþjónustu, en um það verkefni er fjallað sérstaklega í kafla 5.3 hér á eftir. Á hinn bóginn var ljóst að nauðsyn bar til að breytingar yrðu gerðar á skipulagi barnaverndar á Íslandi og hér á eftir er nýju frumvarp til laga um vernd barna og ungmenna lýst og síðan aðgerðum til eflingar og

nýbreytni í fjölskylduþjónustu hjá sveitarfélögum á Reykjavíkursvæðinu og á Eyjafjarðarsvæði.

5.3 Frumvarp til laga um breytingu á lögum um vernd barna og ungmenna.

Ljóst var að nauðsyn bar til að gera breytingar á þjónustu þeirri sem veitt er af hálfu ríkisins í þágu barna og ungmenna og beitti landsnefndin sér fyrir því að frumvarp til laga um breytingu á lögum um vernd barna og ungmenna var samið. Rannveig Guðmundsdóttir félagsmálaráðherra mælti fyrir frumvarpinu á Alþingi á haustdögum 1994 og er það nú til umfjöllunar í félagsmálanefnd þingsins. Breytingartillögurnar í heild sinni munu styrkja og efla barnaverndarstarf í landinu og gera barnaverndarnefndum betur kleift að annast þau vandasömu verkefni sem þeim eru falin.


Tillögur um endurskipulagningu barna- og unglíngamála voru lagðar fram í greinargerð sem gefin var út í janúar 1994 undir heitinu „Nýskipan málefna barna- og unglínga“. Í henni er lagt til að Unglíngaheimili ríkisins verði lagt niður í núverandi mynd. Í stað þess komi tvær stofnanir *barnaverndarstofa* (vinnuheiti) og *móttöku- og meðferðarstöð ríkisins fyrir unglínga*. Starfsemi barnaverndarstofu miðast við börn á aldrinum 0 til 18 ára en starfsemi miðstöðvarinnar þjónar unglíngum frá 12 ára aldri. Lagt er til að barnaverndarstofa verði undirstofnun félagsmálaráðuneytisins og hafi umsjón með stjórnsýslu verkefna á sviði barna- og unglíngamála sem undir ráðuneytið heyra. Það felur í sér að barnaverndarstofa ber ábyrgð á samræmingu í stjórnsýslu málaflokksins, veiti heimilum, stofnunum og barnaverndarnefndum faglega aðstoð og sjái jafnframt um eftirlit með þessum aðilum. Markmið móttöku- og meðferðarstöðvar yrði að sinna sérhæfðri meðferð svo sem vímuefna meðferð og vistunum í bráðatilvikum. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að langtímavistun unglínga fari eingöngu fram á meðferðarheimilum sem rekin eru á fjölskyldugrunni og með því verði stofnunum með vaktafyrirkomulagi fækkað. *Sjá skipurit á næstu síðu.*

Sérstök athygli er vakin á því að barnaverndarstofu er falið að annast öflun hæfra fósturforeldra. Eins og kunnugt er hefur minni sveitarfélögum oft reynst erfitt að finna hæfa fósturforeldra, enda reynir sjaldan á að hvert þeirra þurfi á slíku að halda. Með þessu móti verður mat á hæfni þeirra samræmt og öllum sveitarfélögum tryggður aðgangur að hæfum fósturforeldrum.

Landsnefndin væntir þess að frumvarpið verði að lögum innan skamms.

5.4 Fjölskylduþjónusta á höfuðborgarsvæði og á vegum héraðsnefndar Eyjafjarðar – tilraunaverkefni til tveggja ára.

Í greinargerð með fyrrnefndu frumvarpi til laga um breytingu á lögum um vernd barna og ungmenna er gert ráð fyrir að grunnþjónusta sem felur í sér ráðgjöf og aðra félagslega aðstoð verði í höndum sveitarfélaga sbr. 21. gr. gildandi laga um vernd barna og ungmenna svo og sbr. lög um félagsþjónustu sveitarfélaga. Í umfjöllun landsnefndarinnar á málefnum barna og ungmenna komu fram áhyggjur yfir því að sveitarfélögin væru ekki, við núverandi aðstæður, fær um að veita þessa þjónustu. Ennfremur, að með breyttu skipulagi, sem fram kemur í umræddu frumvarpi, yrði göngudeildarþjónusta Unglíngaheimilis ríkisins lögð niður. Til að tryggja að þessi ráðgjöf sem hingað til hefur staðið unglíngum 12 til 16 (18) ára og foreldrum þeirra til boða hjá UHR legðist ekki af hefur verið ákveðið í félagsmálaráðuneyti í tilefni af Ári fjölskyldunnar að hvetja sveitarfélög, með sérstöku átaki, til að sameinast um að efla fjölskylduþjónustu. Samtals verði kr. 18 milljónum varið til að setja á stofn tilraunaverkefni um göngudeildarþjónustu/fjölskylduráðgjöf til handa fjölskyldum þar sem börn 0-18 ára væru innanborðs. Annars vegar var sveitarfélögum á höfuðborgar-



svæðinu boðin þátttaka í verkefninu og lagt til að 13 millj. króna yrði varið til þess svæðis, hins vegar er fyrirhugað að verja kr. 5 milljónum til að efla sameiginlega barna- og fjölskylduráðgjöf á öllu Eyjafjarðarsvæði. Skilyrði er að sveitarfélögin leggi fram sömu fjárhæð og ríkið leggur til verkefnanna og er hér um að ræða tilraunaverkefni til tveggja ára. Þessar tillögur um göngudeildarþjónustu byggja að hluta til á niðurstöðum starfshóps sem falið var að móta tillögur að göngudeildarþjónustu fyrir barnafjölskyldur á höfuðborgarsvæðinu. Nú er ljóst að Reykjavíkurborg og Mosfellsbær munu stofna fjölskylduráðgjöf með þessum hætti og ekki er ólíklegt að samvinna náist við fleiri sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu.

Mikilvægt er að hafa í huga að um er að ræða tilraunaverkefni sem, ef vel tekst til, gæti orðið fyrirmynd að almennri fjölskylduráðgjöf víða um landið. Einnig er rétt að vekja athygli á því að með þessu móti býðst öllum barnafjölskyldum ráðgjöf óháð aldri barna, en Unglingaheimili ríkisins miðaði sína þjónustu eingöngu við fjölskyldur barna og ungmenna á aldrinum 12 til 18 ára.

6. Önnur verkefni landsnefndar

6.1 Starfshópar landsnefndar.

Þrjár starfshópar unnu að ákveðnum verkefnum á vegum landsnefndarinnar. Fulltrúar úr nefndinni skiptu sér niður í þessa hópa. Í upphafi vann nefndin lista með 9 viðfangsefnum sem vinnuhópar gætu tekið sér fyrir hendur. Eftirfarandi viðfangsefni voru valin: a) fjölskyldulíf og skóli, b) myndun fjölskyldu og c) lög og reglur er varða fjölskylduna.

6.1.1 Myndun fjölskyldu og fjölskylduábyrgð.

Í hópnum störfuðu: Ólafur Oddsson, Regína Ásvaldsdóttir, Sigríður Vilhjálmisdóttir, Svanhvít Björgvinsdóttir og Þórey Guðmundsdóttir, ásamt Berthu Kristinsdóttur og Lísu Thomsen fulltrúum frá Kvenfélagasambandi Íslands. Í greinargerð frá hópnum kom m.a. eftirfarandi fram:

Hlutverk starfshópsins var einkum að fjalla um myndun fjölskyldu og undirbúning og fræðslu barna og ungmenna um væntanlega stofnun heimilis og foreldrahlutverkið.

Starf hópsins fólst að mestu í efnisöflun og skoðanaskiptum. Ennfremur fékk hópurinn á sinn fund séra Þorvald Karl Helgason, forstöðumann Fjölskylduþjónustu kirkjunnar og Sjöfn Sigurbjörnsdóttur kennara sem m.a. kynnti fyrir hópnum störf nefndar sem hefur verið að kanna aðstæður ungmenna sem flosna upp úr skóla. Einnig sagði hún frá Fjölbrautaskólanum í Breiðholti, en þar er heimilishagfræðibraut sem m.a. tekur til fræðslu um fjármál heimilanna, fjölskyldu, samfélag, heimilisfræði o.fl.

Það er niðurstaða hópsins að mikilvægt sé, að ungt fólk sé vel búið undir stofnun heimilis og fjölskyldu þannig að ekki sé rasað um ráð fram í þeim efnum. Ennfremur að hlúð sé að ungu fólk, sem er að stofna heimili og fjölskyldu til að auðvelda því fyrstu og kannski erfiðustu sporin. Má þar nefna aðgerðir varðandi húsnæðismál, réttindi um fæðingarorlof, dagvistun barna, samfelldan skóladag barna, sveigjanlegan vinnutíma o.fl.

Brynt er að koma á fræðslu til ungs fólks um það hvað stofnun heimilis og fjölskyldu hefur í för með sér bæði varðandi ábyrgð og skyldur sem og fjárhagslega hlið þess. Slík fræðsla mætti einnig vera í boði fyrir það fólk, sem þegar er komið með fjölskyldu. Eftir því, sem hópurinn best veit, er slík fræðsla af skornum skammti, enn sem komið er. Ýmislegt til bóta er þó að gerast í þessum efnum, sem vert er að greina frá. Má þar nefna stofnun fjölskylduþjónustu kirkjunnar, sem tók til starfa í janúar 1992. Þar er veitt almenn ráðgjöf um hjónabandið, mál eru tekin til meðferðar og fyrirhugað er að miðla fræðslu til t.d. hjónaefna með námskeiðum o.fl. Einnig má nefna stofnun samtaka um fjölskyldu-áætlun.

Hópurinn telur kynfræðslu nauðsynlega svo fólk eigi auðveldara með að taka ákvarðanir í einkalífinu og til að koma í veg fyrir ótímabærar þunganir og kynsjúkdóma. Hópurinn kynnti sér sérstaklega stöðu kynfræðslunnar á grunnskólastiginu. Við þá athugun kom í ljós að til er fjöldi bóka og myndbanda um kynfræðslu. Þar er farið ítarlega í þær breytingar sem verða á kynþroskaaldri og fræðsla um kynsjúkdóma og getnaðarvarnir er mikil. Stofnun fjölskyldu er hins vegar ekki sérstaklega rædd, og þó svo fjallað sé um getnað er það ekki gert út frá fjölskylduhugtakinu. Niðurstaða hópsins er því sú að til sé all gott efni sem vel megi vinna úr. Hins vegar er það undir hælinn lagt hver tekur að sér kennsluna: líffræðikennari, hjúkrunarfræðingur eða félagsfræðikennari. Hverjum skóla er í sjálfsvald sett hvaða bækur eru kenndar og því virðist engin trygging fyrir því að nemandi á grunnskólastigi fái góða kennslu þrátt fyrir gott námsefni.

Þegar litið er til framhaldsskólanna virðist mikið vanta á að efnið fjalli að einhverju leyti um stofnun fjölskyldu og þá ábyrgð sem því fylgir.

6.1.2. Lög og reglur er snerta fjölskylduna.

Þátttakendur í hópstarfinu voru: Páll Ásgeirsson, Stefanía Traustadóttir, Ásgerður Ingimarsdóttir, Barði Friðriksson, Guðríður Ólafsdóttir og Ragnheiður Ólafsdóttir.

Vinna hópsins var tvískipt. Annars vegar var fjallað um afmörkuð verkefni sem honum voru falin af landsnefndinni, m.a. umsagnir vegna frumvarpa um umboðsmann barna og um barnalög. Hins vegar kynnti hópurinn sér helstu lög og reglugerðir er varða fjölskylduna.

Hópurinn leitaði snemma til Davíðs Þórs Björgvinssonar dósents í sífjarétti við Háskóla Íslands. Davíð tók saman fyrir hópinn viðamikil lesefni um löggjöfina; um sífja-, erfða- og persónurétt. Þetta efni er fyrirliggjandi í félagsmálaráðuneyti.

Oft er sagt, og einkum á hátíðarstundum, að fjölskyldan sé grunneining samfélagsins, sem bæri að styrkja og efla. Hópnum var hugleikið að kanna hvort þessi viðhorf skili sér í reynd í gildandi lögum. Leitað var til Þórunnar Sigurðardóttur lögfræðings og henni falið þetta verkefni. Þórunn skilaði ítarlegri skýrslu árið 1993 sem nær til eftirfarandi atriða:

- a) Almenn löggjöf á sviði sífjaréttar: Hjúskaparlög, barnalög og barnaverndarlög.
- b) Skattalöggjöf.
- c) Almannatryggingalöggjöf.

Skýrslan er fyrirliggjandi í félagsmálaráðuneyti.

Segja má að hér hafi verið aflað viðamikils efnis sem mikilvægt er að kannað sé mun ítarlegar út frá fjölskyldustefnu. Þetta er flókið verkefni sem landsnefndin hefur lagt grunn að með framlagi hópsins og verðskuldar rækilegri athygli.

6.1.3 Skólahópur.

Í þessum hópi voru eftirtaldir þátttakendur: Frá landsnefnd þau Margrét Theódórsdóttir, Helga G. Halldórsdóttir og Ragnhildur Helgadóttir. Ennfremur tóku þátt í starfinu Hrafnhildur Sigurðardóttir, Ingvar Sverrisson og Jónína Sigurðardóttir. Haraldur Finnsson kom síðar í hópinn í stað Hrafnhildar.

Hópurinn skilaði skýrslu til landsnefndar í ágúst 1993. Snemma var tekin sú ákvörðun að meginviðfangsefni hópsins yrði fyrst og fremst grunnskólinn og hinir fjölmörgu snertifletir hans við fjölskylduna, s.s. ábyrgð, samvinna heimila og skóla, foreldrafélög, skipulag skólastarfs m.t.t. þarfa fjölskyldunnar, nestismál, lenging skólaársins, fullorðinshegðun skólabarna í vaxandi mæli, einelti, vímuefnanotkun, útivistartími o.fl.

Hópurinn leggur áherslu á þá miklu ábyrgð sem heimili og skóli bera á uppeldi og öryggi barna. Breytt þjóðfélagsmynd hefur raskað vitund uppalenda um hver beri ábyrgð á hinum ýmsu uppeldismálum og segja má að víða séu „grá svæði“ í þessum eignum. Til að uppeldi barnanna verði ekki marklaust og tilviljanakennt er nauðsynlegt að verkaskipting og samvinna séu fyrir hendi og opna þarf umræðu um sameiginlegt uppeldishlutverk heimila og skóla.

Aðgát skal höfð við skipulagningu – í ljósi breyttra tíma má greina sífellt meiri þrýsting frá heimilum um að skólar hagi skipulagi sínu meira í takt við þann raunveruleika sem við búum við. Starfsdagur kennara eru þyrnir í augum margra foreldra. Hópurinn spyr hvort ekki megi bregðast við þessu með jákvæðum hætti með endurskipulagningu? Hvort ekki megi nýta gestafyrirlesara, útivist, þátttöku foreldra, áhugamenn og eldri kynslóðina? Hér sé um að ræða kjörið verkefni fyrir skóla og fjölskyldur að leysa úr sameiginlega.

Hópurinn fagnar örri þróun foreldrafélaganna. Heildarsamtök þeirra hafa staðið fyrir ráðstefnum og efnt til funda af ýmsu tilefni. Má hér greina teikn á lofti í þá veru að „einangrun“ skólanna sé að líða undir lok, að dymar séu að opnast fyrir aukinni samvinnu foreldra og skóla. Foreldrar virðast almennt ekki hafa notfært sér þann rétt sem þeim er tryggður til að hafa afskipti af skólamálum, en margt bendi nú til þess að áhugi foreldra á námi og kennslu sé að aukast. Hingað til hafi áhugi þeirra eingöngu snúist um hinn ytri ramma skólastarfsins.

Hópurinn fagnar tilraun til „heilisdagsskóla“ í grunnskólum Reykjavíkur. Markmið tilraunarinnar var að: a) að bjóða foreldrum val um samfellda þjónustu tengda hverfis-skólanum, b) að stuðla að þroskandi fræðslu-, lista- og menningartilboðum til skólabarna og heilbrigðum lífsstíl þeirra og c) að stuðla að auknu öryggi í umhverfi skólabarna og foreldra með samræmdri þjónustu fyrir börnin innan heima-hverfis.

6.2 Erlend samskipti.

Formaður landsnefndar, Bragi Guðbrandsson sótti undirbúningsfund Sameinuðu þjóðanna vegna Árs fjölskyldunnar sem haldinn var á Möltu í apríl 1993. Þar var íslensku landsnefndinni veitt sérstök viðurkenning fyrir undirbúningsstarf, sem að mati framkvæmdastjórnar Árs fjölskyldunnar hjá S.þ. var til fyrirmyndar. Þá var formaður íslensku landsnefndarinnar kjörinn „rapporteur“ fundarins, sem fólst m.a. í því að ganga frá skýrslu um ályktanir til aðalframkvæmdastjóra og aðildarríkja S.þ.

Fimm fulltrúar íslenskra samtaka, frá Barnaheillum, Kvenfélagasambandi Íslands, Þroskahjálpi, Bandalagi háskólamanna og Bandalagi kvenna í Reykjavík sóttu fund sem Sameinuðu þjóðirnar stóðu fyrir á Möltu í nóvember 1993. Alþjóðleg samtök fjölmargra félaga (NGO) stóðu ennfremur fyrir fundinum.

Þáverandi félagsmálaráðherra, Jóhanna Sigurðardóttir, sótti í desember 1993 fund félagsmálaráðherra aðildarríkja Evrópuráðsins. Fundurinn var haldinn í París. Þar var Ár fjölskyldunnar eitt meginviðfangsefnið.

Þáverandi félagsmálaráðherra, Guðmundur Árni Stefánsson sótti ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna sem haldin var í Montreal, í nóvember 1994, í samvinnu við Kanadísk yfirvöld. Í framhaldi af því sat ráðherrann fund í Allsherjarþingi S.þ. þar sem fjallað var um Ár fjölskyldunnar og flutti Guðmundur Árni ræðu fyrir hönd ráðherra Norðurlandanna.

Fulltrúar Íslands sóttu ráðstefnu sem haldin var á vegum Evrópuráðsins og Sameinuðu þjóðanna í Madrid í desember 1994. Meginviðfangsefni ráðstefnunnar var þátttaka barna í samfélaginu og fjölskyldulífi.

6.3 Hvatning til Alþingis og ráðherra vegna fyrirliggjandi frumvarpa.

Í febrúar 1992 hvatti landsnefndin utanríkisráðherra til að beita sér fyrir því að Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins yrði fullgiltur.

Þann 17. febrúar 1992 sendi framkvæmdanefndin menntamálaráðherra áskorun um að leggja frumvarp til laga um vernd barna og ungmenna fyrir Alþingi hið allra fyrsta.

Í mars 1992 kom landsnefndin á framfæri athugasemdum um frumvarp til barnalaga, m.a. þess efnis að kveðið yrði á um að foreldri, sem ekki fer með forsjá ræki umgengnis-skyldu sína við barn sitt.

Í febrúar 1993 samþykkti landsnefndin ályktun þar sem ríkisstjórn Íslands var hvött til að beita sér fyrir stofnun embættis umboðsmanns barna og lagði áherslu á að hann tæki til starfa eigi síðar en á árinu 1994.

Aftur, þann 14. nóvember 1994, beindi landsnefndin tilmælum til Allsherjarnefndar Alþingis þess efnis að komið yrði á fót embætti umboðsmanns barna og hvatti til þess að málið yrði afgreitt hið fyrsta.

6.4 Styrkir veittir til einstakra verkefna.

Ýmsum aðilum voru veittir styrkir til verkefna sem að mati landsnefndar voru til þess fallin að bæta stöðu fjölskyldna og barna.

Fulltrúar fimm aðila í landsnefndinni, frá Þroskahjálpi, Kvenfélagasambandi Íslands, Barnaheillum, Bandalagi Háskólanna og Bandalagi kvenna í Reykjavík fengu styrki til að sækja ráðstefnu á Möltu sem skipulögð var af Sameinuðu þjóðunum í samvinnu við ýmiss félagsamtök (NGO). Forsenda ráðstefnunnar var „fjölskyldan er hornsteinn samfélagsins“ og var hún haldin dagana 28. nóvember til 2. desember 1993.

Félagsmálaráðuneytið veitti, að tillögu framkvæmdanefndar, dr. Guðrúnu Kristinsdóttur styrk til að vinna áfram að athyglisverðri rannsókn sem er liður í norrænu samstarfsverkefni sem fjallar um daglegar aðstæður barna og félagslega færni barna.

Sálfræðingafélagi Íslands var á árinu 1994 veittur styrkur til að vinna að gerð fræðsluþátta fyrir sjónvarp um fjölskylduna. Þættirnir verða birtir í sjónvarpi á árinu 1995. Samkvæmt áætlun sálfræðinganna verður lögð áhersla á heilbrigði fjölskyldunnar og hæfni hennar til að leysa sjálf úr vandamálum sem upp koma.

Í sama mánuði var Siðfræðistofnun veittur styrkur til að standa fyrir málþingi með einkunnarorðunum „Fjölskyldan og réttlætið“ sem haldið verður í mars 1995.

6.5 Fundir með ýmsum aðilum.

Fulltrúar í landsnefndinni hafa mætt á fjölda funda hjá ýmsum aðilum og kynnt Ári fjölskyldunnar og málefni íslenskra fjölskyldna. Sem dæmi má nefna að starfsmaður nefndarinnar hefur mætt á tæpa 20 fundi.

Landsnefndin sjálf efndi til nokkurra funda. M.a. var haldinn blaðamannafundur í mars 1993 þar sem markmið nefndarinnar voru kynnt og fróðleik um íslenskar fjölskyldur miðlað til fjölmiðla.

Fundur var haldinn með stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga í júní og var tilgangur fundarins að kynna stjórninni markmið landsnefndarinnar og leita eftir samstarfi hennar við undirbúning aðgerða.

Í maí 1993 átti framkvæmdanefndin fund með fulltrúum íslenskra listamanna. Mættir voru 6 manns frá jafnmörgum félögum. Þarna var fjallað um fjöldamörg atriði sem skipta fjölskyldur máli og með hvaða hætti listamenn gætu helst orðið að liði.

Í nóvember 1993 var efnt til fundar um fjölskylduráðgjöf þar sem boðaðir voru fulltrúar 15 félaga, bæði frá fagfélögum og samtökum launafólks. Þar var úttekt Hagsýslu ríkisins á stjórnsýslu, skipulagi og rekstri þjónustu við börn og ungmenni kynnt, svo og áform um breytingar. Leitað var álits frá þessum aðilum um tillögur að breyttri skipan mála sem landsnefndin fyrirhugaði að beita sér fyrir.

7. Aðgerðir í samfélaginu í tilefni af Ári fjölskyldunnar

Sameinuðu þjóðirnar lögðu ríka áherslu á að „Aðgerðir á ári fjölskyldunnar verði á öllum stigum – í hverju byggðarlagi, í hverju landi, á hverju svæði og á alþjóðlegum vettvangi. Megináherslan verður þó lögð á aðgerðir í einstökum byggðarlögum og einstökum löndum.“ Í samræmi við þetta viðhorf sem birtist með yfirlýsingu Sameinuðu

Þjóðanna lagði íslenska landsnefndin áherslu á að ná til sem flestra í samfélaginu, sveitarfélaga, stofnana og ýmissa samtaka. Hér á eftir er gerð grein fyrir þeim aðgerðum sem landsnefndinni er kunnugt um að hrint hafi verið í framkvæmd í tilefni af Ári fjölskyldunnar. Hafa þó í huga að hér er ekki um tæmandi lýsingu á aðgerðum að ræða og hefur landsnefndin haft spurnir af ýmsu sem ekki eru tók á að gera grein fyrir í þessari skýrslu.

7.1 Samtök og stofnanir.

Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi.

Félagið lét þýða og sá um dreifingu á bæklingi undir heitinu „Ár fjölskyldunnar 1994“. Var honum dreift í grunnskóla landsins með milligöngu Námsgagnastofnunar, svo og til alþingismanna.

Íslenska Kirkjan.

Íslenska kirkjan er í eðli sínu fjölskyldustofnun, hún er til staðar á stærstu stundum fjölskyldnanna, svo sem við skírn, fermingu, giftingu að ógleymdu við andlát og jarðarför.

Á Ári fjölskyldunnar 1994 afgreiddi kirkjubing ályktun um fjölskyldustefnu kirkjunnar, en sú stefnumörkun hafði verið í undirbúningi um nokkurra ára skeið. Á árinu var einnig unnið áfram ótullega að safnaðaruppbyggingu og eru söfnuðirnir hver og einn með sína sérstöku útfærslu á því. Fræðsluáætlunum hefur verið framfylgt og tekið mið af þörfum allra fjölskyldumeðlima. Mikið hefur verið um fjölskyldumessur og blandaðar messur þar sem fyrri hluti messunnar er sameiginlegur og hinn síðari aðskilinn. Sunnudagaskóli fyrir börn og fullorðna er nú í flestum kirkjum landsins og fermingarfræðsla og æskulýðsstarf er nú í auknum mæli rekið í samvinnu við foreldra. Skírnarfræðsla, samvera fyrir foreldra ungra barna og hjónaefnasamvera er alls staðar, sem því verður við komið. Kirkjan rekur Fjölskylduþjónustu kirkjunnar með því markmiði að styðja fjölskyldur í vanda. Íslenska kirkjan er í örur vexti og tekur sá vöxtur fyrst og fremst mið af þörfum fjölskyldunnar sem heildar og spannar starfsemi kirkjunnar flesta þætti fjölskyldulífs.

Kvenréttindafélag Íslands.

Í tímariti KFRÍ, 19. júní, birtust á árinu 1994 greinar undir fyrirsögninni Ári fjölskyldunnar í þeim þremur blöðum sem komu út á því ári. Í 1. tölublaði birtist greinin „Hollusta íslenskra kvenna við fjölskylduna er misnotuð“, viðtal við dr. Sigrúnu Júlíusdóttur. Í 2. tbl. var greinin „Ungar fjölskyldur þurfa verulegan stuðning“, viðtal við séra Þorvald Karl Helgason hjá Fjölskylduþjónustu kirkjunnar. Í 3. tbl. var greinin „Ofbeldi á heimilum – kvennakúgun“. Höfundur greinanna þriggja er Steinunn Jóhannesdóttir rit-höfundur.

Félagið hefur haft starfandi áhugahóp, sem fjallað hefur um málefni fjölskyldunnar. Athyglin hefur beinst að foreldrafræðslu eða fræðslu til verðandi foreldra. Félagið hefur í hyggju að efna til fundar eða málþings um foreldrahlutverkið, væntanlega í mars nk. og hugsanlega með erlendum fyrirlesara, sem myndi fjalla um föðurhlutverkið. Þessi fundur yrði framlag KFRÍ til Árs fjölskyldunnar.

Stéttarsamband bænda.

Stéttarsambandið gekkst fyrir svokölluðum opunardegi bænda þann 14. ágúst 1994. Fjöldi býla, alls 43, víðs vegar um landið bauð þá heim þéttbýlisfólki og öðrum, sem áhuga höfðu á að kynna lífinu í sveitinni. U.þ.b. 10 þúsund manns sóttu bændur heim þennan umrædda dag. Það er von bændasamtakanna að kynningar sem þessar verði fastur liður í starfsemi og stuðli að auknum skilningi þéttbýlisfólksins á heimilislífi og störfum bænda.

Bandalag starfsmanna ríkis og bæja.

Á Ári fjölskyldunnar gerðu fulltrúar BSRB og ASÍ í landsnefnd um Ári fjölskyldunnar það að meginmarkmiði sínu að þrýsta á um fullgildingu samþykktar ILO, Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar, um „jafna möguleika og jafnrétti til handa körlum og konum í atvinnu: Starfsfólk með fjölskylduábyrgð“. Meðal réttarbóta fyrir launafólk sem fullgilding samþykktarinnar hefði í för með sér er aukið starfsöryggi, en meðal ákvæða hennar er að fjölskylduábyrgð sem slík skuli ekki vera gild ástæða til uppsagnar starfs. Þessu máli hafa fulltrúarnir haldið vakandi, m.a. með blaðaskrifum, og í mars sl. stóðu þeir saman að því að beina þeim tilmælum til þáverandi félagsmálaráðherra að beita sér fyrir fullgildingu samþykktarinnar.

BSRB tók þátt í fjölskylduhátíðinni í Háskólabíói í janúar 1994 og málþinginu, sem haldið var daginn eftir. Á kynningarbás í anddyri bíósins var gerð grein fyrir stefnu samtakanna í máli og myndum í málaflokkum sem sérstaklega snerta afkomu fjölskyldnanna í landinu, s.s. húsnæðismálum, dagvistarmálum og öðrum skóla- og velferðarmálum, heilbrigðismálum og atvinnumálum.

Almennt hefur BSRB haft uppi þá viðleitni á árinu að vinna þeirri hugsun fylgi að málefni fjölskyldunnar eigi að hætta að mæta afgangi. Einkum hefur fréttabréf samtakanna, BSRB-tíðindi, verið nýtt til þess arna, og hafa samtökin verið ólöt við að minna á Ári fjölskyldunnar á síðum blaðsins og gert grein fyrir málum því tengdu, sem verið hafa í deigluinni hverju sinni.

Þá tóku samtökin þátt í skjáauglýsingaherferð Kvenfélagsambandsins og landsnefndar.

Alþýðusamband Íslands.

Alþýðusambandið tók virkan þátt í málþingi um málefni fjölskyldunnar í upphafi ársins. Halldór Grönvold skrifstofustjóri ASÍ hélt erindi á málþinginu um fjölskylduna og atvinnulífið sem hann flutti reyndar víða um land á árinu.

Alþýðusambandið var með kynningarbás í anddyri Háskólabíós á málþinginu og stóð fyrir fjölskyldugetraun. Var þar margt góðra vinninga í boði, vikudvöl í orlofsbúðum fjölskyldunnar í Ölfusborgum og Ljóðabók barnanna var gefin í níu aukaverðlaun.

Alþýðusambandið lagði megináherslu á eitt verkefni á Ári fjölskyldunnar en það var að þrýsta á um gamalt baráttumál, sem er fullgilding ILO samþykktar nr. 156 um fjölskylduábyrgð. Í samráði við BSRB lagði ASÍ á það mikla áherslu á árinu að unnið yrði að þessu verkefni og lítur nú út fyrir að árangur hafi náðst í þeim efnum, þar sem til stendur að fullgilda samþykktina.

Öryrkjabandalag Íslands.

Ár fjölskyldunnar var kynnt í Fréttabréfi ÖBÍ með stuttum greinum í 3. tbl. 1992 og 3. tbl. 1993 og með lengri grein í 1. tbl. 1994.

Þá var dagskrá aðalfundar Öryrkjabandalagsins helguð málefnum fjölskyldunnar í tilefni af Ári fjölskyldunnar. Þar var flutt yfirlit um Ári fjölskyldunnar, erindi um stöðu fatlaðs fjölskylduföður í dag og um áhrif fötlunar á fjölskyldulíf. Erindin voru birt í 4. tbl. fréttabréfs bandalagsins.

Öryrkjabandalagið kynnti starfsemi sína í kynningarbás í Háskólabíói í janúar 1994.

Kvenfélagasamband Íslands.

Associated Country Women of the World Alþjóðasamband kvennasamtaka þ.á.m, Kvenfélagasamband Íslands, samþykktu á alheimsþingi í Vancouver í Canada árið 1993 að skora á Sameinuðu þjóðirnar að helga fjölskyldunni eitt ár, í líkingu við Ári barnsins, Ári fatlaðra o.fl. Það var ekki fyrr en að hausti 1989 að S.þ. samþykktu að helga fjölskyldunni árið 1994. Málið var rætt á alheimsþingum ACWW bæði 1986 og 1989 en þá var útséð um að málið myndi ná fram að ganga. Öll aðildarfélög ACWW voru hvött til að hafa samband við stjórnvöld í heimalöndum sínum og gerði K.Í. það með bréfi og samtölum við ráðamenn félagsmálaráðuneytis. Allt frá alheimsþinginu 1989 hefur K.Í. kynnt aðildarfélögum sínum tillögu ACWW og ákvörðun S.þ.

K.Í. hefur hvatt aðildarfélög sín til að leggja áherslu á að hvetja til fjölskyldufræðslu á vegum hins opinbera, kirkju, skóla og heilsugæslu, ennfremur að bjóða meðlimum sínum upp á fræðsluerindi um mál fjölskyldunnar og taka þátt í sameiginlegum aðgerðum sveitarfélaganna á árinu. Stjórn K.Í. hefur á þessum árum dreift miklu kynningarefni og hvatningum til allra aðildarfélaga og notað til þess tímarit landssambandsins „Húsfreyjan“ og fleiri miðla. Á öllum lögbundnum fundum og þingum K.Í. hafa verið flutt erindi um málefni fjölskyldunnar og nú síðast á landsþingi K.Í. er haldið var sl. sumar.

Kvenfélagasambandið tók að sér að halda utan um átak vegna fjölskylduársins, sem fólst í því að samtök og stofnanir sendu skilaboð til þjóðarinnar í skjáauglýsingum. Sent var bréf til fjölmargra aðila þar sem þeim var boðið að vera með í átakanu. Í skilaboðunum, sem voru fjölbreytt, fólst áskorun til landsmanna um að sinna fjölskyldumálum betur og meir og setja fjölskyldugildin á hærra sess. Fyrsta skjáauglýsingin birtist í lok marsmánaðar 1994 og síðan birtist að jafnaði ein á viku út árið. Alls tóku 15 félög, landssambönd, ráðuneyti og aðrar stofnanir þátt í átakanu.

Nú stendur yfir könnun meðal allra aðildarfélaga K.Í. um aðgerðir þeirra og næsta umhverfis á fjölskylduárinu.

Í viðtölum við félagssystur K.Í. á Norðurlöndum og Bretlandi hefur komið í ljós að þáttur hinna óháðu félaga og almennra borgara í aðgerðum á Ári fjölskyldunnar er mun meiri hér á landi en í fyrirnefndum löndum.

K.Í. átti fulltrúa í landsnefnd og framkvæmdanefnd Árs fjölskyldunnar og ennfremur tóku fulltrúar sambandsins virkan þátt í starfshópi á vegum landsnefndar.

Æskulýðssamband Íslands.

Í mars 1994 hélt ÆSÍ málþing um stöðu ungu fjölskyldunnar. Yfirskrift málþingins var „Unga fjölskyldan, staða hennar og framtíð“. Við kynningu á málþinginu voru skrifaðar 4 greinar í Morgunblaðið um málefni ungu fjölskyldunnar í dag. Frummælendur voru fjórir, þau Unnur Halldórsdóttir frá samtökunum Heimili og skóli og fjallaði hún um menntamál,

Hansína B. Einarsdóttir afbrotufræðingur, sem fjallaði um atvinnumál, Sigurður Þór Baldvinsson frá ASÍ ræddi um jafnréttismál og séra Pálmi Matthíasson sem fjallaði um lífsgæðakapplaupið.

Áfengisvarnaráð.

Á Ári fjölskyldunnar var unnið að ýmsu er tengist heill og hag íslenskra fjölskyldna. Erindrekar ráðsins, Hjörtur Zopóhaníasson og Jón K. Guðbergsson hafa haldið fjölda funda með nemendum, kennurum og foreldrum grunnskólanna í landinu. Þeir hafa einnig setið fundi með fulltrúum sveitarfélaganna í ýmsum nefndum og ráðum er láta sig fjölskyldumál varða. Þá hefur ráðið stuðlað að því að leikritið „Gúmmiendur synda víst“ í tugum skóla, á allmörgum vinnustöðum og nokkrum félögum. Umræður hafa verið í lok leiksins og hefur erindreki ráðsins stýrt þeim. Að venju hefur verið lögð áhersla á fjölskylduna í hvatningarorðum Áfengisvarnaráðs að vori, sumri, hausti og vetri, ennfremur birti Áfengisvarnaráð tvær skjáauglýsingar fyrir atbeina landsnefndar um Ár fjölskyldunnar.

Landssamtökin Þroskahjálp.

Landssamtökin Þroskahjálp hófu undirbúning að Ári fjölskyldunnar 1994 með því að helga landsþing sitt árið 1993 fjölskyldum fatlaðra barna og samþykkja sérstakan kafla um fjölskyldustefnu í stefnuskrá sína. Fyrirlestrar þingsins voru gefnir út í sérstöku þemahefti tímarits samtakanna í ársbyrjun 1994. Landssamtökin stofnuðu ennfremur sérstaka fjölskyldunefnd til þess að vinna að undirbúningi og framkvæmdum á árinu. Formaður nefndarinnar sótti m.a. alþjóðlega ráðstefnu um fjölskyldumál á Möltu í nóvember 1993 með tilstyrk félagsmálaráðuneytis.

Fjölskyldunefndin gekkst fyrir ýmsum aðgerðum á árinu. Stærsti viðburðurinn var e.t.v. vegleg fjölskylduhátíð, sem haldin var í Steinstaðaskóla í Skagafirði fyrstu helgina í júlí. Ennfremur var haldinn fjölsóttur fræðslufundur um réttindi fjölskyldna fatlaðra og unnið var að útgáfu upplýsingabæklings fyrir sama hóp. Auk þess beitti nefndin sér fyrir því að áhugaleikhópur mun semja og sýna leikverk um fjölskyldu fatlaðs skólabarns í því skyni að sýna leikritið í skólum landsins. Fulltrúi samtakanna í landsnefnd um Ár fjölskyldunnar átti sæti í framkvæmdanefndinni og var einn af fyrirlesurum á málþingi nefndarinnar í janúar 1994.

Sálfræðingafélagið.

Á árinu 1993 var haldinn almennur félagsfundur í S.Í. og var efni fundarins fjölskyldan og þátttaka félagsins í Ári fjölskyldunnar. Framsöguerindi voru nokkur á fundinum og varð niðurstaða fundarins að sálfræðingar myndu beita sér fyrir jákvæðri umfjöllun um fjölskylduna. Tóku þrír sálfræðingar að sér að vinna sérstaklega að þessu máli. Nú er gerð sjónvarpsþátta yel á veg komin, með þetta að markmiði. Félagið fékk stuðning frá landsnefnd um Ár fjölskyldunnar og Reykjavíkurborg til að vinna þættina.

Fulltrúi félagsins í landsnefnd um Ár fjölskyldunnar sótti ráðstefnu á Möltu á vegum Sameinuðu þjóðanna, sem haldin var í tengslum við Ár fjölskyldunnar, hún sótti einnig ráðstefnu í Montreal um sama málefni.

Félag kvenna í fræðslustörfum „Delta Kappa Gamma“.

Konur í samtökunum tóku að sér að skrifa um uppeldis- og fjölskyldumál í Morgunblaðið í tilefni af Ári fjölskyldunnar. Birtist eftir þær fjöldi fróðlegra greina og uppbyggilegra greina um fjölskyldu- og uppeldismál.

Soroptimistaklúbbur Reykjavíkur.

Dans á Ári fjölskyldunnar – Soroptimistaklúbbur Reykjavíkur stóð fyrir kennaranámskeiði í samvinnu við Kennaraháskóla Íslands í tilefni af Ári fjölskyldunnar. Tilgangurinn var að gefa kennurum kost á að kynna gamalli hefð sem leitt gæti að þess að nemendur og foreldrar skemmti sér í leik og dansi með öðrum fjölskyldum. Námskeiðinu var ætlað að spyrna við því að gamlir dansar og leikir gleymist, en jafnframt að stuðla að því að kennarar geti boðið foreldrum nemenda sinna að skemmta sér með börnum sínum eða foreldrafélagi, t.d. með fjölskylduskemmtunum byggðum á gamla marsinum. Námskeiðið var fullsetið og tókst vel. Þess er vænst að þessi þekking geti orðið til að efla fjölskyldutengsl á komandi árum.

Fjölmiðlar.

Ríkisútvarpið, rás 1 var með þáttaröð, alls 5 þætti á föstudagsmorgnum, um málefni fjölskyldunnar á árinu 1994 í tilefni af Ári fjölskyldunnar. Upphaflega var unnið að þáttagerð fyrir sjónvarp að frumkvæði Sigríðar Arnardóttur og vann hún að handritsgerð með starfshópi þar sem í áttu sæti, m.a. Sigrún Júlíusdóttir fyrir hönd landsnefndar um Ár fjölskyldunnar og Þorvaldur Karl Helgason frá Fjölskylduþjónustu kirkjunnar. Grunnur að útvarpsþáttunum var lagður með starfi hópsins og voru þeir síðan fluttir í ríkisútvarpinu og fjölluðu m.a. um hjónabandið, stofnun heimilis og fjölskylduráðgjöf.

Nokkur erindanna sem flutt voru á málþingi landsnefndar voru endurtekin í ríkisútvarpi á sunnudagseftirmiðdögum. M.a. var fjallað um fjölskylduna og atvinnulífið og lífsskeið og fjölskyldubönd.

Morgunblaðið birti viðtöl við nokkra þeirra sem fluttu erindi á málþingi landsnefndarinnar. Í tilefni af Ári fjölskyldunnar var sérstaklega fjallað um ýmis fjölskyldumál á síðum blaðsins og birtar voru ýmsar greinar m.a. sem meðlimir í Félagi kvenna í fræðslustörfum rituðu.

Tímaritið Uppeldi, sem gefið er út fyrir tilstuðlan Foreldrasamtakanna, hefur birt í tilefni af Ári fjölskyldunnar safn greina eftir Benedikt Jóhannsson sálfræðing.

Skólar og foreldrafélög.

Landsnefndin hefur ekki nákvæmar upplýsingar um þátt skólanna í Ári fjölskyldunnar. Vitað er að víða voru haldnar fjölskylduhátíðir í tilefni af Ári fjölskyldunnar, m.a. í Kópavogsskóla. Nemendur í Menntaskólanum við Hamrahlíð tóku málefni fjölskyldunnar til sérstakrar athugunar og öfluðu ýmissa gagna hjá landsnefndinni, sama gerðu nemendur Kvennaskólans í Reykjavík. Þá beittu kennarar í Álftamýrarskóla sér fyrir sérstöku átaki varðandi samvinnu heimila og skóla af þessu tilefni. Fjölskyldudagar voru haldnir á Fljótsdalshéraði og Borgarfirði eystra og var vinna nemenda grunnskólanna m.a. til sýnis. Hér á eftir er fjallað um þátt sveitarfélaganna í Ári fjölskyldunnar og þar kemur víða fram þátttaka skólanna í aðgerðum af þessu tilefni.

7.2 Aðgerðir sveitarfélaganna í tilefni af „Ári fjölskyldunnar“ 1994.

Landsnefnd um Ár fjölskyldunnar fór þess á leit við Samband íslenskra sveitarfélaga að það óskaði eftir greinargerðum frá sveitarfélögum í landinu um aðgerðir í tilefni af Ári fjölskyldunnar.

Eftirfarandi yfirlit er unnið úr greinargerðum sem bárust með þessum hætti.

Akranes.

15. maí 1994 var efnt til ratleiks um bæinn, auk reiðhjólakeppni kringum Akrafjall.

Akureyri.

12. nóvember 1994 var haldið málþing í Safnaðarheimili Akureyrarkirkju á vegum Heilsugæslustöðvarinnar á Akureyri og Akureyrarbæjar. Áður var kynning, söngur og setningarávarp. Umræðuefni: „Hin óopinbera fjölskyldustefna hins opinbera“, „Að efla heilbrigði fjölskyldunnar“, „Ofbeldi í fjölskyldum“, „Fjölskyldan og atvinnulífið“, „Stofnunum og vinnumarkaði eru takmörk sett“, „Gildi sjálfsbjargarviðleitinnar“ og „Ástin og fjölskyldulífið – listin að elska, listin að lifa“. Kaffiveitingar í lokin.

Í framhaldi af erindi landsnefndar um Ár fjölskyldunnar í febrúar 1993, fól bæjarstjórn Akureyrarbæjar félagsmálastjóra og deildarstjórum félags- og fræðslusviðs að annast dagamun vegna Árs fjölskyldunnar fyrir hönd Akureyrarbæjar. Bæjarstjórn Akureyrar samþykkti sérstaklega í tilefni af Ári fjölskyldunnar að gera löngu brýnt átak í útivistarmálum barna og ungmenna í miðbæ Akureyrar. Það fól í sér að gildandi útivistarreglur voru rýmkaðar lítils háttar. Stofnað var til samvinnu Akureyrarbæjar, lögreglunnar á Akureyri, Flugbjörgunarsveitarinnar og Hjálparsveitar skáta um að framfylgja hinum nýju reglum.

Hátíðabrigði vegna Árs fjölskyldunnar voru allmörg og með ýmsu móti. T.d. rituðu skátar tákni Ársins, á þrettándanum, með kyndlum í hlíð Vaðlaheiðar þannig að blasti við öllum Akureyringum. Í byrjun ársins 1994 mætti svo fjölmennur hópur foreldra og barna á fund bæjarstjórnar Akureyrar og afhenti forseta bæjarstjórnar hvatningu til dáða í tilefni Ársins. Skólanefnd gekkst fyrir fjölmönnum fundi um einsetinn skóla og unnið verður að því að allir skólar verði einsetnir frá hausti 1995.

Um sumarið gekkst Sundlaug Akureyrar þrívægis fyrir fjölskylduhelgum og voru ýmis skemmtiatriði og afþreying í boði. Í tilefni af lýðveldisafmælinu og Ári fjölskyldunnar var fjölskylduhátíð haldin í Kjarnaskógi. Listasýning var haldin eina viku í maí og efndu allir leikskólar og skóladagheimili á Akureyri til sameiginlegrar listahátíðar barna og voru síðan myndirnar til sýnis í sýningarsalnum Deigluhlunnar auk annarra staða. Fjölskyldudagur var haldinn á skíðasvæði Akureyringa og var sérstaklega hugað að börnum með barnagæslu, leiksvæði, þrautabrautum og fjölskyldukeppnum.

Í tveimur grunnskólanna voru miklar fjölskylduhátíðir haldnar í tengslum við afmæli þeirra. Í öðrum skólum voru þemavikur, þar sem fjölskyldunum var boðið í heimsókn. Að auki var þó nokkuð um dagsferðir einstakra deilda og foreldra barnanna, einkum á vor-dögum. Unglingar í félagsmiðstöðvum á vegum Íþrótt- og tómstundadeildar buðu foreldrum og forráðamönnum í heimsókn í tilefni af Ári fjölskyldunnar. Starfsliði félagsmiðstöðva var haldið námskeið í nóvember um fjölskyldulíf.

Innan leikskólanna voru viðfangsefnin venju fremur tengd fjölskyldunni. Víða voru gerð ættartré, börnin komu með ljósmyndir af fjölskyldum sínum og teiknuðu sjálf myndir og límdu á stór tré sem þau höfðu búið til. Foreldrum var boðið oft en einu sinni að vera viðstöddum.

Í Glerárkirkju var efnt til Kirkjulistahátíðar fjölskyldunnar og tóku þátt í henni leikskólar og grunnskólar í Glerárhverfi. Hátíðinni lauk með söng- og skemmtidagskrá þar sem eldri börn af leikskólunum komu fram. Á afmælisdegi bæjarins, 29. ágúst, var bæjarbúum og gestum boðið í heimsókn á söfn bæjarins. Hjá Leikfélagi Akureyrar var sett upp sérstök fjölskyldusýning, „Karamellukvörnin“ þar sem börnin buðu foreldrum sínum á sýninguna.

Í öllum íþróttamannvirkjum Akureyrar, félagsmiðstöðvum og félagsheimilum í og við bæinn, svo sem hjá Golfklúbbi Akureyrar, Hestamannafélaginu Létti, KA, Þór, Siglingaklúbbnum Nökkva o.fl., var haldið upp á íþróttadaginn sem tileinkaður var Ári fjölskyldunnar. Krabbameinshlaupið, sem haldið var í samvinnu við Krabbameinsfélagið og Íþrótt- og tómstundaráð bæjarins var einnig tileinkað Ári fjölskyldunnar.

Í tengslum við lýðveldishátíðina voru flestar dagskrár miðaðar við þátttöku allrar fjölskyldunnar.

Blönduós.

Um vorið 1994 var fjölskyldum boðið frítt í sund í einn mánuð. Yngri börnum var boðið upp á að byggja sér kofa á smíðavelli og skólinn, í samvinnu við fyrirtæki, bauð upp á grillveislu.

Bolungarvíkurkaupstaður.

Dagana 25. og 26. júní var haldin veiðihelgi fjölskyldunnar, og má þar nefna marhnútakeppni við Brimbrjót fyrri daginn en seinni daginn var veitt í Syðridalsvatni. Veitt voru verðlaun og á eftir var grillað við íþróttahúsið. 24. júlí var göngudagur fjölskyldunnar og voru tvær gönguleiðir í boði undir leiðsögn fararstjóra. Eftir gönguna var grillað. 20. ágúst var hjóladagur fjölskyldunnar. Hjólað var frá íþróttahúsinu og fram að Reiðhjalla-virkjun, þar voru settar upp hjólaþrautir. Orkubú Vestfjarða bauð upp á veitingar og hafði opið hús þar sem hægt var að skoða Reiðhjallavirkjun.

Dalvíkurbær.

Fyrripart árs 1994 var sett á fót undirbúningsnefnd fulltrúa félagsmálaráðs, æskulýðsráðs, skóla og heilsugæslu sem fundaði með flestum félagasamtökum og stofnunum á Dalvík. Afraksturinn var dagatal sem borið var í hvert hús á staðnum. Dagatalið náði yfir apríl til desember 1994 og voru ýmsar uppkomur, ein til sex í hverjum mánuði og má þar nefna sem dæmi útiveru, íþróttir, föndur, fræðslu, opið hús o.fl.

Egilsstaðabær.

Skipuð var sérstök nefnd vegna Árs fjölskyldunnar. Í henni áttu sæti fulltrúar frá Egilsstöðum auk eins fulltrúa annarra hreppa á Héraði. Síðari hluta apríl var haldið málþing í húsnæði Menntaskólans á Egilsstöðum í tilefni Árs fjölskyldunnar. Þangað voru fengnir nokkrir fyrirlesarar að sunnan, sem flutt höfðu erindi á málþingi í Reykjavík, þeirra á meðal var Halldór Grönvold, sem talaði um fjölskyldu og atvinnulíf. Hrefna Friðriksdóttir talaði um sifjarétt og Ragnhildur Bjarnadóttir talaði um fjölskylduna og skólann og samstöðu um uppeldi og menntun barna.

Einnig stóð nefndin fyrir því að fá ýmsa heimamenn til að skrifa í Austra um ýmis mál tengd fjölskyldunni, holla lífshætti, uppeldismál, útivist o.fl.

Fljótsdalshérað og Borgarfjörður eystri.

Að tilstuðlan Heilsugæslustöðvarinnar á Egilsstöðum var skipuð nefnd með aðilum frá heilsugæslustöðinni, þjóðkirkjunni, málefnum fatlaðra, svæðisstjórn, einnig oddvita á Héraði og Borgarfirði eystri og kom hún saman um miðjan janúar 1994. Skipulögð var

dagskrá sem sett var fram í dreifibréfi. Í hverjum mánuði voru greinaskrif um málefni fjölskyldunnar í vikublaðinu Austra og voru ákveðnir aðilar fengnir til að skrifa. Fjölskyldudagar voru síðan haldnir 17.-24. apríl. Meðal þess sem boðið var upp á voru messur, frítt í sund, íþróttir, ratleikir, málverkasýning, fyrirtæki og stofnanir höfð opin, námskeið fyrir foreldra í að þjálfa ákveðni, sýning á vinnu nemenda og ýmis erindi voru flutt á málþingi.

Garðabær.

Sveitarfélagið efndi til ýmissa uppákoma á árinu 1994. Má þar nefna myndlistarsamkeppni meðal nemenda í Garðabæ. Í mars var vetrarútvistardagur fjölskyldunnar í Heiðmörk, í apríl fræðslufundur um „Lífsskeið og fjölskyldubönd“ Nönnu K. Sigurðardóttur, í maí sýning verka úr myndlistarsamkeppni, 18. júní fjölskyldudansleikur, í september var gönguferð í Gálgahraun undir leiðsögn Jóns Jónssonar jarðfræðings, málþing „Fjölskyldan og bærinn okkar“, bingó, fjölskyldumessa og loks var veggspjald prentað og því dreift víða. Fjölskyldunefnd Garðabæjar vannur að gerð skýrslu, sem send verður landsnefnd um Ár fjölskyldunnar í lok janúar 1995.

Gerðahreppur.

Hreppsnefnd Gerðahrepps skipaði nefnd frá hverju starfandi félagi í hreppnum undir forystu sveitarstjóra. 18. apríl var haldinn fundur um málefni fjölskyldunnar og voru þrír framsögumenn, 15. maí var dagur fjölskyldunnar og byrjaði hann með fjölskyldumessu og síðan var fjölskylduskemmtun í Íþróttamiðstöðinni auk vorhátíðar í Gerðaskóla, 11. desember var fjölskylduskemmtun í Samkomuhúsinu sem lauk með því að kveikt var á jólatrénu.

Grindavíkurbær.

Bæjarfélagið stofnaði nefnd sem síðan skrifaði ýmsum félögum og stofnunum í bænum með ósk um að viðkomandi aðilar gerðu eitthvað það sem minnti á gildi fjölskyldunnar. Þetta samstarf nefndar og félaga gekk með ágætum og var ýmislegt gert, t.d. í kirkju, skóla, leikskóla, á dagheimilum, og víðar til að minnast Ársins. Nefndin sjálf stóð að gróðursetningardegi fjölskyldunnar.

Hafnarfjarðarbær.

22. febrúar 1994 kaus bæjarstjórn Hafnarfjarðar fimm manna nefnd til að fjalla um á hvern hátt bærinn tæki þátt í „Ári fjölskyldunnar“. Nefndin ákvað að leggja höfuðáherslu á 15. maí þ.e. fjölskyldudaginn auk hefðbundinna hátíðisdaga með fullri þátttöku félagsamtaka, fyrirtækja og stofnana. Meðal annars var stungið upp á að hafa fjölskylduhlaup (göngu), frítt inn á almenningsstaði, messur, opin íþróttahús, grill, gönguferðir, verslanir opnar í tilefni dagsins, kynningu á starfsemi bæjarins og skóla, blaðaútgáfu, ráðstefnur auk annarra uppákoma sem heyra ekki undir nefndina.

Hrunamannahreppur.

Sveitarfélagið stóð fyrir fjölskylduhátíð í samstarfi við ungmennafélag, kvenfélag, búnaðarfélag, sóknarprest og skólastjóra. Að degi til voru ræðuhöld, söngur, umferðar-

þrautir, leikir og íþróttir, fornar og nýjar. Sýning var á elstu farartækjum sveitarinnar og furðubátakeppni var háð á Litlu-Laxá. Um kvöldið var sameiginleg grillveisla, þjóðbúningasýning, útileikhús og dans stiginn við undirleik harmoníku.

Húsavíkurkaupstaður.

Ekki var tekið fyrir sérstakt verkefni, en benda má á „Átak til heilsueflingar“ í H-bæjunum í samvinnu við heilbrigðisráðuneytið og fleiri aðila.

Hvammstangahreppur.

Sveitarfélagið sendi 115 fjölskyldum í öllum kjördæmum nema á Norðurlandi vestra, bréf þar sem í boði var gisting á tjaldstæði án endurgjalds, frítt í sundlaug og 20% afsláttur af veitingum á Hótel Vertshúsi og miðaðist þetta við vikudvöl á staðnum. Valið var fólk á aldrinum 30-50 ára og með fleiri en tvö börn.

Hveragerðisbær.

Hveragerðisbær tók þátt í ýmsum verkefnum með óbeinum hætti með því að styrkja félagasamtök til verkefna fyrir alla fjölskylduna og voru félagasamtökin frjáls í vali á verkefnum.

Hvolhreppur.

Hreppurinn tók í notkun nýjan leikskóla í byrjun árs 1994. Haldin var fjölskylduhátíð á vegum Félagsmiðstöðvar og voru tónleikar haldnir á vegum Tónlistarskóla Rangæinga. Eina helgi var veitt frítt í sund.

Höfn í Hornafirði / Hornafjarðarbær.

Skipuð var hátíðarnefnd af bæjarstjórn, sem hélt síðan fund með félagasamtökum. Í tilefni af Ári fjölskyldunnar bauð bæjarfélagið öllum ókeypis í sund fyrstu vikuna sem sundlaugin var opin, en hún opnaði 13. mars. Eins var öllum boðið frítt í sund síðasta opnunardaginn 3. desember sl. Bæjarfélagið minntist alþjóðadags fjölskyldunnar 15. maí með ýmsu móti, svo sem með vortónleikum Tónskóla Austur-Skaftafellssýslu, íþróttahátíð, með því að Leikfélag Hornafjarðar var með opið hús í Hlöðunni þar sem menn gátu kíkt inn og flutt sjálfvalið efni, hafa Byggðasafnið opið og kvikmyndasýningar í Pakkhúsinu. Þá var hátíð í Hornafirði haldin í byrjun júlí og stóð í þrjá daga frá föstudegi til sunnudags. Tengdist sú hátíð verulega Ári fjölskyldunnar. Hornafjörður var fyrir valinu sem einn af fjórum heilsuþæjum í landinu. Átak var gert í gerð göngustíga í sumar og af stað fóru gönguhópar. Þann 15. maí á Alþjóðadegi fjölskyldunnar var fjölbreytt dagskrá, sem byrjaði með fjölskyldumessu í Hafnarkirkju og á eftir var fjölskylduganga. Síðar um daginn voru vortónleikar Tónskóla Austur-Skaftafellssýslu í Hafnarkirkju. Íþróttahátíð var haldin í íþróttahúsinu, sem byrjaði á léttari fjölskylduleikfimi. Leikfélag Hornafjarðar var með opið hús og Hafnarkirkja var opin, þar sem kirkjukórinn var með æfingu og teikningar, af pípuorgeli og af skipulagi á umhverfi kirkjunnar, voru til sýnis. Einnig var opið hús í Miðgarði hjá félagi aldraðra, þar sem menn spiluðu Lomber og kynntu starfseminu. Byggðasafnið var opið þar sem m.a. var hægt að skoða ljósmyndir Helga Arasonar og að lokum var boðið upp á kvikmyndasýningu í Pakkhúsinu.

Keflavík – Njarðvík – Hafnir.

Bæjarstjórn Keflavíkur fól jafnréttisnefnd og félagsmálaráði að sjá um framkvæmd og skipulagningu á „Ári fjölskyldunnar“ í Keflavík. Nefndirnar tilnefndu svo fjögurra manna starfsnefnd sem sá fyrst og fremst um að miðla öðrum nefndum upplýsingum og hvetja þær til dáða. Menningarnefnd Keflavíkur stóð fyrir menningarvöku á Flug Hóteli, svokallaðri Menningarvöku fjölskyldunnar og stóð hún yfir í einn mánuð. Þar komu fram ýmsir listamenn og var dagskráin mjög fjölbreytt. Tónlistarskólinn kynnti starfsemi sína og veitti ríflegan fjölskylduafslátt á skólagjöldum. Íþróttaráð stóð fyrir sérstökum sunddögum dagana 21.-24. apríl og var aðgangur ókeypis. Félagsmálastofnun skipulagði ráðstefnu undir heitinu „Atvinnuleysi og áhrif þess á fjölskylduna“. Á ráðstefnunni tóku m.a. til máls fulltrúar frá ríki og bæ, verkalýðshreyfingunni, verslunarmannafélaginu, auk skólameistara Fjölbrautarskóla Suðurnesja og sálfræðings. Fjölskylduhátíð var í öllum leikskólum bæjarins og unnin voru ýmis konar verkefni þar sem fjölskyldan var aðalþemavinnan. Foreldrafélögin tóku virkan þátt í þessu verkefni. Æskulýðsráð stóð fyrir úti-fjölskylduhátíð þar sem boðið var upp á alls konar leiki og skemmtidagskrá.

Bæjarstjórn Njarðvíkur ákvað að stofna sérstaka nefnd og bað félagsmálaráð, æskulýðsráð og íþróttaráð að tilnefna einn fulltrúa í nefndina. Útbúið var svokallað fjölskyldudagatal, þar sem helstu atburðir í Njarðvík, sem tengdust fjölskyldunni, yrðu merktir inn á. Öllum félögum og klúbbum í bæjarfélaginu var send beiðni um að láta vita um þær dagsetningar sem viðkomandi félag væri búíð að merkja sem „sinn“ dag, en heimtur urðu minni en vonast var til. Dagatalinu var svo dreift í öll hús í Njarðvík. Í samvinnu við félagsmálaráð og æskulýðsráð Njarðvíkur var ákveðið að birta sjónvarpsauglýsingar öðru hvoru allt árið, þar sem varpað var fram þeirri spurningu hvort fjölskyldan væri einhvers virði sem eining (Veist þú hvar barnið þitt er núna?).

Eftir sameiningu var staðið fyrir útivistar- og göngudegi með leiðsögumanni, endurvakin voru almenn jólaböll með aðstoð kvenfélaganna í Keflavík og Njarðvík og auk þess voru haldnar fjölskyldumessur.

Mosfellsbær.

Félagsmálaráð lagði til við bæjarráð að skipa 3ja manna undirbúningsnefnd sem í eiga sæti fulltrúar félagsmálaráðs, tómstundaráðs og skólanefndar.

Vantar upplýsingar um dagskrá.

Neskaupstaður.

Samstarfsnefnd um „Ár fjölskyldunnar“ gerði dagskrá, í samráði við vel flest félagasamtök og einstaklinga í bænum. Bæklingurinn með dagskrárliðum var borinn í hvert hús. Náðu dagskrárliðir frá apríl til október og má þar nefna hestadaga fjölskyldunnar, vortónleika Tónskólans, opinn fjölskyldudag, reiðhjólaskoðun fjölskyldunnar, hjólreiðadag, sunddag, skógarferð í Hjallaskóg, reiðnámskeið, myndlistarsýningu í Þórsmörk, göngutúr, gróðursetningu, bæjargöngu, golfdag, veiðidag, kajakdag og margt fleira. Að auki stóðu skátar fyrir fjölskyldudagskrá á sumardaginn fyrsta.

Patrekshreppur.

Haldinn var einn fundur í nefnd sem skipuð var vegna Árs fjölskyldunnar. Félagasamtök í sveitarfélaginu voru hvött til að nýta sér Ári fjölskyldunnar til að hvetja

fjölskyldurnar til að taka þátt í þeim uppákomum er þau stæðu fyrir. Vitað er að t.d. golfklúbbur, íþróttafélag og fleiri félög gerðu það.

Rangárvallahreppur.

Sveitarfélagið var með frítt í sundlauginna dagana 5. og 6. júní og 6. og 7. ágúst 1994.

Reykjavíkurborg.

Staðið var fyrir hjóladegi fjölskyldunnar í Reykjavík þann 15. maí 1994 og voru samstarfsaðilar Íþrótt- og tómstundaráðs Reykjavíkur, Umferðarráð, lögreglan í Reykjavík, borgarskipulag Reykjavíkur, Íslenski Fjallahjólaklúbburinn, Hjólreiðafélag Reykjavíkur, íþróttir fyrir alla og Samfok. Hjóladagurinn var kynntur á „óhefðbundinn hátt“ og í því sambandi leitað til ýmissa félagasamtaka, fjölmiðla, aðila í matvælaíðnaði, veitingahúsa- og verslunarrekstri. Merki dagsins var notað þar sem því varð við komið og unnið var að því að fá samræmt vegvísunarkerfi fyrir hjólreiða- og göngustíga og voru fyrstu merkin sett upp fyrir „Hjóladaginn“. Sýning í Geysishúsinu, þar sem reiðhjólínu voru gerð sérstök skil. Rekinn var áróður fyrir því í fjölmiðlum að Reykvíkingar leiði alla bílanotkun hjá sér þennan dag. Hjólreiðaverslanir gáfu verðlaun.

Í upphafi ársins 1994 skipaði borgarstjórn Reykjavíkur sex manna nefnd í tilefni þess að árið var helgað málefnum fjölskyldunnar. Borgarfulltrúar og varaborgarfulltrúar sátu í nefndinni, en formaður hennar var Árni Sigfússon.

Nefndin ákvað að vinna að mótun fjölskyldustefnu Reykjavíkurborgar. Hún leitaði eftir liðsinni margra aðila, bæði innan og utan borgarkerfisins. Starfsmenn nokkurra stofnana Reykjavíkurborgar og ríkis ásamt fulltrúum ýmissa félagasamtaka sátu með nefndinni nokkra vinnufundi. Á þeim var leitast við að móta sameiginlega framtíðarsýn í fjölskyldumálum, sem gæti orðið grunnur að fjölskyldustefnu. Tveir menn, frá Gæðastjórnunarfélagi Íslands og Aðgerðarannsóknafélagi Íslands, voru fengnir til þess að stjórna fundunum með aðferðum sem henta við slík verk.

Þegar leitað var eftir þátttöku stofnana og félaga í þessari vinnu var tilgangurinn m.a. skýrður með eftirfarandi hætti í fundarboði, sem sent var u.þ.b. 40 aðilum:

„Tilefni fundarins er að leita eftir sameiginlegum áherslum í fjölskyldumálum og sameiginlegu mati á aðgerðum og forgangsröð þeirra. Við teljum afar mikilvægt að nýta ÁR fjölskyldunnar til frekari samræmingar á áherslum og til eflingar samstöðu um brýnustu verkefni sem beri að vinna að í Reykjavík.“ – „Leitað verður svara við eftirfarandi spurningum: 1. Hvernig vilt þú sjá umhverfi og aðstæður fjölskyldna og þjónustu við þær eftir 10 ár? 2. Hvað er afgerandi forsenda þess að myndin verði raunveruleg?“

Að loknum vinnufundum hópsins var samin greinargerð sem er til frekari úrvinnslu fyrir borgaryfirvöld. Í henni eru dregnar fram meginlínur í sameiginlegri framtíðarsýn þátttakenda í fjölskyldumálum. Þær birtast í 15 meginmarkmiðum og greiningu á þeim. Í greiningunni er m.a. að finna undirmarkmið, aðgerðir og verkefni sem stuðla að því að markmiðunum verði náð. Í sumum tilvikum vannst tími til þess að leggja mat á einstakar aðgerðir með tilliti til settra markmiða og forsendna. Borginni var jafnframt gefin einkunn fyrir frammistöðu á tilteknum sviðum.

Í greinargerð, sem unnin var af stjórnendum hópsins, er bent á mikilvægi þess að forgangsröðun verkefna byggi á framtíðarsýn og meginmarkmiðum. Sú hugmyndavinna sem fram fór í starfshópi nefndarinnar og aðferðirnar sem þar voru notaðar ættu að geta nýst borgaryfirvöldum til frekari stefnumótunar og ákvarðanatöku um einstök verkefni sem varða hag reykviskra fjölskyldna.

Þrír starfsmenn Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar bæði úr fjölskyldu- og öldrunarþjónustudeild tóku þátt í starfshópi á vegum nefndar Reykjavíkurborgar um Ár fjölskyldunnar til þess að ræða fjölskyldustefnu og þátt Reykjavíkurborgar í þeim efnum.

Þrír starfsmenn Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar héldu erindi á námsstefnu landsnefndar um Ár fjölskyldunnar á Hótel Sögu í janúar 1994. Einn af þessum starfsmönnum flutti erindi sitt hjá Soroptimistum og á fundi trúnaðarmanna Starfsmannafélags ríkisstofnana. Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar tók einnig þátt í sýningu í Háskólabíó í upphafi Árs fjölskyldunnar. Starfsmenn stofnunarinnar skiptust þar á um að veita upplýsingar um starfsemina.

Unglingadeild Félagsmálastofnunarinnar hélt ennfremur sérstakt námskeið fyrir foreldra í tilefni af Ári fjölskyldunnar.

Sandgerði.

Undirbúningsnefnd lagði fram dagskrá að 15. maí 1994. Dagskráin byrjaði á því að verktaki Grunnskóla Sandgerðis skilaði skólanum af sér. Síðan var skólinn opinn til sýnis. Knattspyrnufélagið Reynir hélt grillveislu við íþróttahúsið og voru síðan íþróttir fyrir alla. Golfklúbbur Sandgerðis hélt míníggolf. Björgunarsveitin Sigurvon var með sundlaugarleiki o.fl. Lúðrasveit Tónlistarskóla Sandgerðis lék nokkur lög. Þítsukeppni þar sem þrjár bestu „þítsufjölskyldurnar“ fá vegleg verðlaun frá „Pizza 67“. Víðavangshlaup Lions. „Hljóp á snærið“ spilaði og ýmsir leikir voru í gangi.

Sauðárkrókskaupstaður.

Sauðárkrókskaupstaður hélt fjölskylduhátíð með þátttöku barna, unginga og fullorðinna, sem gekk undir nafninu „Sumarsæla Skagfirðinga“. Hátíðin stóð yfir í eina viku, 19.-26. júní.

Selfoss.

Skipuð var 5 manna nefnd sem tók til starfa í september 1993. Það helsta sem boðið var upp á á „Ári fjölskyldunnar“ var að gefið var út afsláttarkort í Sundhöll Selfoss, ætlað fjölskyldufólki og var um verulegan afslátt að ræða. Fyrirhugað hafði verið að efna til málþings 7. apríl en því var frestað vegna lélegrar þátttöku. Dagur fjölskyldunnar þann 15. maí var haldinn á Hótel Selfossi. Þetta var opið hús og ýmsar sýningar settar upp, m.a. sýning á verkum leikskólabarna, nemenda Sandvíkur og Sólvallaskóla, framleiðsla verndaðs vinnustaðar fatlaðra og sýning á handavinnu aldraðra. Boðið var upp á kaffi og barnakór Selfoskirkju söng nokkur lög auk glímusýningar.

Seltjarnarnes.

Tómstundaráði var falið að hafa forgöngu um „Ár fjölskyldunnar“ á Seltjarnarnesi. Það gekk meðal annars fyrir fjölskyldudegi á sumardaginn fyrsta. Einnig var efnt til ráðstefnu 3. maí undir yfirskriftinni „Við náum árangri með íþróttum“. Var þessi ráðstefna blanda af fræðslu- og skemmtiefni.

Stykkishólmsbær.

Í upphafi árs var samþykkt áskorun til félagasamtaka í bæjarfélaginu þess efnis, að þau tækju mið af því starfi sínu á „Ári fjölskyldunnar“ að árið væri tileinkað fjölskyldunni.

Íþrótt- og æskulýðsnefndum bæjarins var falið að standa fyrir og skipuleggja sex „fjölskyldudaga“, þrjá á vormisseri og þrjá á haustmisseri. Meginmarkmið með þessum dögum var að stuðla að samveru fjölskyldna í tómstundastarfi. Efnt var til sérstakrar fjölskylduhátíðar 8.-10. júlí, sem nefnd var „Danskir dagar“. Var þetta í fyrsta skipti, sem hátíð með þessu sniði var haldin í Stykkishólmi. Ýmislegt annað var í boði hjá Stykkishólmsbæ og má vísa til dagskrárblaðs sem nær frá febrúar til desember með ýmsum uppákomum sem tengjast fjölskyldunni.

Tálknafjarðarhreppur.

Skipuð var nefnd um „Ár fjölskyldunnar“. Haldin var hugmyndasamkeppni í Grunnskóla Tálknafjarðar, þar sem börnin komu með hugmyndir um hvað gera skyldi og voru verðlaun veitt fyrir bestu hugmyndirnar. Efnt var til myndlistarsamkeppni meðal barna á dagheimilum og var efni myndanna fjölskyldan. Veitt voru verðlaun fyrir bestu myndirnar. 15. maí var haldinn hátíðlegur í Íþrótt- og félagsheimili Tálknafjarðar. Þar voru sýningar á verkum og hugmyndum barnanna í tengslum við „Ár fjölskyldunnar“ og verðlaun veitt. Síðan var blásið til léttra leikja og skemmtana. Í júní var áætlað að gróðursetja tré og leitað var til hreppsins varðandi stað og plöntur. Eina viku í júní og ágúst var meiningin að veittur yrði afsláttur í sund. Farið á leit við leiklistardeild U.M.F.T. að hún standi fyrir leiksýningu og reynt verði að fá myndlistarsýningu eða að haldnir verði tónleikar.

Vestmannaeyjabær.

Skipaður var vinnuhópur til þess að beita sér fyrir málefnum fjölskyldunnar á árinu. Leitaði hann til félaga og bæjarstofnana um að standa fyrir uppákomum. Ýmis félagasamtök gerðu það. Einnig voru bæjarstofnanir með „opna daga“ í tilefni ársins, t.d. voru leikskólar með þemaverkefni í gangi, fjölskyldudagur í íþróttamiðstöð o.s.frv. Göngudagar fjölskyldunnar voru haldnir nokkrum sinnum.

Öxarfjarðarhreppur.

Sveitarstjórnin bauð fólki í „Íslandsferð fjölskyldunnar“ þar sem ókeypis var á tjaldstæðið á Kópaskeri fyrir gesti og gangandi.